



Ársskýrsla  
lögreglustjórans á  
höfuðborgarsvæðinu

2009

# Ársskýrsla

---

2009



LÖGREGLUSTJÓRINN Á  
HÖFUÐBORGARSVÆÐINU



Útgefandi: Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu  
[www.lrh.is](http://www.lrh.is)  
Umsjón og ábyrgð: Upplýsinga- og áætlanaeild  
Gunnar Rúnar Sveinbjörnsson

Myndir: Foto.is sf.  
Forsíðumyndina tók Ómar Óskarsson  
Prentun: Litlaprent  
Umbrot: Grafika  
Útgefið í júlí 2010

## Efnisyfirlit

FRÁBÆR STUÐNINGUR ALMENNINGS VIÐ KREFJANDI STÖRF LÖGREGLU .....	5
SKIPURIT .....	7
HELSTU MARKMIÐ LRH .....	8
LÖGGÆSLA - NÝTT FYRIRKOMULAG .....	10
EMBÆTTIÐ Í HNOTSKURN .....	12
HELSTU VERKEFNI LÖGREGLUNNAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU .....	14
Mótmæli í miðborginni .....	17
Innbrot og þjófnaðir .....	18
Rán og fjársvik .....	21
Umferðareftirlit .....	23
Banaslys og hraðakstursbrot .....	24
Hugsunarleysi ökumanna .....	26
Fréttir úr umferðinni .....	28
Manndráp og líkamsárásir .....	30
Kynferðisbrot og heimilisofbeldi .....	32
Kannabísræktanir .....	34
Alþjóðleg barátta gegn fíkniefnum .....	36
Stærsta fíkniefnamálið .....	36
Sérrefsilagabrot .....	38
Húsbrot .....	40
Menningarnótt .....	40
Óvenjuleg verkefni .....	42
Hverfa- og svæðafundir .....	43
Lögregluvefurinn .....	44
Eitt og annað .....	45
REKSTUR .....	48
Rekstraryfirlit .....	50
VIÐAUKAR .....	53





## Frábær stuðningur almennings við krefjandi störf lögreglu

Margt stendur upp úr þegar horft er yfir árið 2009. Hæst ber hið flókna og krefjandi þjóðfélagsástand sem skapaðist í kjölfar hruns íslensku bankanna haustið 2008. Lögreglan hefur ekki tekist á við flóknari eða viðkvæmari verkefni svo áratugum skiptir en þau sem blöstu við í upphafi ársins 2009. Lögreglan og stjórnendur hennar lögðu sig fram um að leysa verkefnin með festu og þolinmæði sem leiddi til og kallaði fram stuðning og virðingu alls almennings við lögreglu og vinnu hennar. Stuðningur og traust frá almenningi vegna þessara verkefna, sem allir fylgdust með, mældist meðal annars þannig að traust fólks til lögreglu jókst á árinu og fór lögreglan í fyrsta skipti í efsta sæti þegar spurt var um traust til stofnana samfélagsins í könnun sem gerð var í október 2009.

Verkefnin sem sneru að innri málefnum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu voru einnig krefjandi því á sama tíma og tekist var á við erfitt ástand í samfélaginu blasti við krafa um niðurskurð og hagræðingu í rekstri af áður óþekktri stærðargráðu. Því til viðbótar þurfti embættið að takast á við uppsafnaðan halla og aukin útgjöld vegna mótmæla og óeirða. Með samhentum átaki starfsmanna og stjórnenda og miklum breytingum á skipulagi embættisins varð viðsnúningur í rekstri þess. Sá árangur skipti gríðarlega miklu máli, til að mynda þurfti embættið ekki að grípa til uppsagna starfsmanna eins og við blasti hjá mörgum öðrum stofnunum.

Frábær árangur náðist einnig á mörgum öðrum sviðum, m.a. við fækkun umferðarslysa og ofbeldisbrota. Þá náðist einnig að fækka innbrotum og þjófnumðum verulega á síðari hluta ársins. Þessi góði árangur er ekki síst athyglisverður í ljósi þeirra miklu breytinga sem gera þurfti á rekstri embættisins vegna kröfunnar um hagræðingu og niðurskurð í rekstri.


Þessi árangur kemur ekki af sjálfu sér. Að mínu mati eru tveir lykilþættir sem skila þessum árangri. Annars vegar frábærir starfsmenn og stjórnendur, sem vinna af áhuga og fagmennsku á grunni skýrrar stefnu og markmiða. Hins vegar er ávinningur af sameiningu lögregluliðanna árið 2007 nú að koma fram með afgerandi hætti, bæði í faglegum og fjárhagslegum rekstri embættisins.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu þakkar kærlega traust og stuðning almennings og heldur áfram á þeirri braut að auka öryggi og öryggistilfinningu þeirra sem búa, starfa og dvelja á höfuðborgarsvæðinu.

*Stefán Eiríksson lögreglustjóri*



Skipurit





## HELSTU MARKMIÐ LRH

Eitt af helstu markmiðum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu er að fækka brotum í umdæminu um 5% á milli ára. Um það er fjallað í langtímaáætlun embættisins sem nær yfir árin 2008–2011. Þar er jafnframt kveðið á um fækkun innbrota um 15% og fækkun ofbeldisbrota og eignaspjalla um 20% árið 2011, miðað við meðaltal síðustu þriggja ára að teknu tilliti til íbúafjölda. Embættið leggur einnig mikla áherslu á fækkun slysa á vegfarendum en grundvallarmarkmið þess og stefna er að auka öryggi og öryggistilfinningu þeirra sem búa, starfa og dvelja á höfuðborgarsvæðinu.

Áfram var unnið að þessu á árinu 2009 og í sumum tilvikum með góðum árangri. Sem fyrr varð áframhaldandi jákvæð þróun í umferðarmálum en skráðum umferðarslysum hjá embættinu fækkaði um nærri þriðjung frá fyrra ári. Sama gildir um umferðar-óhöpp þar sem ölvaðir ökumenn áttu hlut að máli. Þeim fækkaði ámóta mikið. Þegar kemur að ofbeldisbrotum horfir líka til betri vegar. Þau voru innan við 700 árið 2009 en hátt í 800 árið á undan. Á fyrsta starfsári embættisins 2007 voru ofbeldisbrotin rúmlega 900 og því hefur orðið breyting til hins betra í þessum málaflokki. Athygli vekur að alvarleg ofbeldisbrot (218 gr. alm. hegningarlaga) eru að jafnaði um 100 á hverju ári og svo var einnig 2009.


Ekki gengu þó öll markmið eftir en þjófnaðarbrotum í umdæminu fjölgaði á milli ára og voru um sjö þúsund þetta árið. Þar af voru

innbrot hátt í þrjú þúsund. Ástandið í þessum efnum var einna verst á fyrstu mánuðum ársins og svo aftur um mitt sumar. Um haustið snarfækkaði innbrotum og hélst sú þróun áfram til áramóta. Í fjármálunum var líka við ramman reip að draga. Eitt af markmiðum embættisins var að reksturinn væri í samræmi við áætlun og samþykkt dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins. Gripið var til ýmissa aðgerða til að það gengi eftir og náðist viðunandi árangur á því sviði. Um það má lesa frekar annars staðar í ársskýrslunni.

*Grundvallarstefnu og langtímaáætlun lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu 2008 - 2011 er að finna í samnefndri skýrslu sem er aðgengileg á lögregluvefnum ([www.lrh.is](http://www.lrh.is)).*



## LÖGGÆSLA – NÝTT FYRIRKOMULAG



Breytingum á almennri löggæslu og rannsóknum mála var hrint í framkvæmd hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu árið 2009. Þeim var m.a. ætlað að færa þjónustuna nær fólkinu og ekki síður að auka sýnilega löggæslu. Hér er um að ræða lyklatríði sem snúa að grundvallarmarkmiðum embættisins. Í sumarbyrjun var umdæminu skipt í fimm svæði og samhliða því tók sérstakt rannsóknarsvið til starfa á öllum lögreglustöðvum og um haustið var sólarhringslöggæsla líka gerð út alfarið frá sömu stöðvum. Með sólarhringslöggæslu er átt við lögreglumenn sem sinna útköllum. Rannsóknarlögreglumenn á hverjum stað hafa með höndum allar almennar rannsóknir en önnur mál fara til miðlægrar rannsóknardeildar hjá embættinu. Þar er átt við manndráp, meiriháttar líkamsárásir, kynferðisbrot, heimilisofbeldi og stærri fíkniefnamál svo nokkur dæmi séu tekin. Rannsóknir alvarlegra umferðarslysa fara fram með aðkomu tæknideildar. Á árinu var einnig komið á fót aðgerða- og skipulagsdeild. Hún ber m.a. ábyrgð á verkefnum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í tengslum við almannavarnir, leit og björgun, mannfjöldastjórnun og skipulagningu stórra viðburða.

Verkefnin á höfuðborgarsvæðinu dreifast annars á fimm lögreglustöðvar (1-5) en umdæmið skiptist í jafnmörg svæði. Lögreglustöðvar 1 og 5 hafa báðar aðsetur á Hverfisgötu 113-115 í Reykjavík. Þaðan er annars vegar sinnt verkefnum austan Snorrabrautar til vestan Elliðaána og hins vegar málum vestan






## Ársskýrsla 2009

Snorrabrautar og á Seltjarnarnesi. Lögreglustöð 2 er til húsa á Flatahrauni 11 í Hafnarfirði og heldur uppi þjónustu fyrir íbúa í Hafnarfirði, Garðabæ og á Álftanesi. Kópavogur og Breiðholt heyra undir lögreglustöð 3 á Dalvegi 18 í Kópavogi en lögreglustöð 4 á Krókhálsi 5b í Árbæ sinnir verkefnum í Árbæ, Norðlingaholti, Grafarholti, Grafarvogi, Mosfellsbæ, Kjósarhreppi og á Kjalarnesi. Rannsóknarsvið lögreglustöðvar 4 er sem stendur á Völuteigi 8 í Mosfellsbæ. Fyrirhugað er að öll starfsemi lögreglustöðvar 4 verði til húsa í nýrri lögreglustöð við Skarhólabraut í Mosfellsbæ. Ekki er ljóst hvenær af því getur orðið. Á árinu voru húsnæðismál lögreglustöðvar 5 einnig til umfjöllunar en rætt var um að finna henni annan stað.



# Embættið í hnotskurn

 Mannfjöldi  
  Hlutfall af höfuðb. sv.  
  Hlutfall af Íslandi  
  Hlutfall erlendra  
  Fjöldi ríkisfanga  
  Stærð í km<sup>2</sup>  
  Fjöldi grunnsk.  
  Fjöldi leiksk.  
  Fjöldi framhaldssk.



Heimild: Hagstofa Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytið

Höfuðb. sv.



Mannfjöldi

200.907



Hlutfall af Íslandi

63,5%



Hlutfall erlendra

7,0%



Fjöldi ríkisfanga

134



Stærð í km<sup>2</sup>

1.042



Fjöldi grunnsk.

74



Fjöldi leiksk.

153



Fjöldi framhaldssk.

20

Ísland

317.630

100%

6,8%

136

103,125

176

277

35



263  
karlar



43  
konur

Lögreglumenn **306**



24  
karlar



57  
konur

Borgaralegir starfsmenn **81**

### Fjöldi ökutækja í lok árs 2009



5

Merktar stórar bifreiðar



28

Merktar fólksbifreiðar



18

Ómerktar fólksbifreiðar



14

Bifhjól

Samtals **65**

### Akstur ökutækja í kílómetrum árið 2009



1.042.550

Akstur merktra ökutækja



402.712

Akstur ómerktra ökutækja



207.385

Akstur bifjóra

Samtals **1.652.647**

# HELSTU VERKEFNI LÖGREGLUNNAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

4. mars

## LÖGREGLAN NÝTUR MIKILS TRAUSTS

*Lögreglan nýtur mikils trausts hjá almenningi en um það má lesa í nýjasta Þjóðarpólssi Gallup. Spurt var um traust til tólf stofnana og embætta en 79% aðspurðra sögðust treysta lögreglunni og fékk hún næstbestu útkomuna að þessu sinni. Flestir treysta Háskóla Íslands, eða 80%, en traust til annarra stofnana í könnuninni var á bilinu 4-71%.*

*Gallup hefur kannað traust til nokkurra stofnana í u.þ.b. hálfan annan áratug en traust almennings til lögreglunnar hefur aldrei verið meira en undanfarin þrjú ár, eða 78-80%. Á sama tíma og lögreglan nýtur mikils trausts hefur almennt dregið verulega úr trausti almennings til stofnana á milli ára, eða frá 2008 til 2009.*

*lrh.is*

Mikill órói var í íslensku samfélagi í ársbyrjun 2009. Mótmæli voru tíð og svo hafði verið allar götur frá falli bankanna nokkrum mánuðum fyrr. Uppi voru kröfur um breytingar í þjóðfélaginu, m.a. að ríkisstjórnin færi frá og boðað yrði til kosninga. Mótmælendur mættu gjarnan til útifunda með búsáhöld og höfðu hátt en í fjölmiðlum gengu mótmælin undir nafninu *Búsáhaldaþing*. Nokkrum sinnum sló í brýnu með mótmælendum og lögreglu en hún gætti þess ávallt að beita meðalhófi í aðgerðum sínum. Seinni hluta janúar færðist aukin harka í mótmælin og var gerður aðsúgur að bæði Alþingi og Stjórnarráðinu. Eldar voru kveiktir í miðborginni og ýmsu lauslegu, m.a. grjóti, var kastað í lögreglumenn. Gripið var til þess ráðs að nota varnarúða, kylfur og loks táraagas en slíkt heyrir til algjörra undantekninga í íslenski lögreglusögu.

Atburðirnir í miðborginni vöktu athygli langt út fyrir landsteinana en mikið reyndi á lögregluna við þessar aðstæður. Þrátt fyrir mikla reiði í þjóðfélaginu var ljóst að þorri almennings fordæmdi mótmælendur sem þannig gengu fram. Fór svo að hópur fólks tók sig til og sló skjaldborg um lögregluna með táknrænum hætti. Við það varð sjáanleg breyting á mótmælunum sem urðu friðsamari. Eftir sem áður voru þessir dagar lögreglunni erfiðir enda sjaldan eða aldrei verið jafnt ófriðarsamt í höfuðborginni. Þegar upp er staðið má segja að lögreglunni hafi tekist vel til og mildi að ekki skyldi fara verr. Vissulega voru unnar skemmdir, rúðubrot o.þ.h., en lítið var um meiðsli á fólki.

Pótt mótmælin í miðborginni beri einna hæst þegar litið er yfir árið var enginn skortur á öðrum verkefnum hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi mála kom til úrlausnar á hverjum degi, allt frá veggjakroti til vændisstarfssemi. Ofbeldisbrot voru þar á meðal en á vormánuðum vöktu tvö mál af því tagi óhug fólks. Í báðum tilvikum var farið á heimili eldri borgara og þaðan stolið ýmsum munum. Líkamlegu ofbeldi var beitt á öðrum staðnum en á hinum var fólkinu haldið í gíslingu. Síðla sumars rannsakaði lögreglan manndráp í Hafnarfirði og undir lok ársins var maður handtekinn vegna skotárásar í Breiðholti. Á haustmánuðum var tilkynnt um hrottalega líkamsárás í Fossvogi og í ársbyrjun rannsakaði lögreglan dularfullt mannlát í Kapelluhrauni.





## 13. september

### MANNSLÁT Í REYKJAVÍK

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu vinnur nú að því að bera kennsl á karlmann sem fannst látinn í Reykjavíkurbíó á tíunda tímanum í morgun. Talið er að maðurinn sé 20-30 ára en hann er um 170 sm á hæð, grannvaxinn, dökkhærður með dökk, tveggja daga skegg og sólbrúnn. Maðurinn var klæddur í munstraðan bol, bláan og gulan, dökkbláar gallabuxur, svarta púmaskó með hvítum röndum og hvíta úlpu með gráum ermum. Á honum fundust lykjar af gamalli Mitsubishi-bifreið og húslýkill. Þeir sem geta gefið upplýsingar um manninn eru beðnir um að hafa samband við lögregluna í síma 444-1104.

lrh.is

Að venju voru umferðarmál fyrirferðarmikil hjá lögreglu. Embættið leggur mikla áherslu á fækkun slysa í umferðinni en vel hefur miðað í þeim efnum. Skráðum umferðarslysum hjá lögreglu hefur fækkað umtalsvert. Sýnileg löggæsla á helstu stofnbrautum hefur vafalaust hjálpað þar til. Sérstakt hraðaeftirlit í og við íbúðargötur í umdæminu hefur sömuleiðis gefist vel. Margt fleira horfir til betri vegar en ef marka má skoðanakannanir nýtur lögreglan mikils trausts og er það ánægjuefni. Í mars 2009 sögðust 79% aðspurðra (Capacent) treysta lögreglunni og í október sama ár var hlutfallið 81% (Markaðs og miðlarannsóknir). Niðurstöðurnar eru lögreglunni hvatning til að halda áfram á sömu braut.

Annar stór málaflokkur snýr að fíkniefnum en fjöldi slíkra mála kom til rannsóknar á árinu. Lögreglan stöðvaði ótal kannabisræktanir og lagði hald á þúsundir kannabisplantna. Þær var að finna á ólíklegustu stöðum, jafnt í íbúðarhúsum sem iðnaðarhverfum. Á einum stað fundust um eitt þúsund kannabisplöntur en búnaðurinn sem fylgdi ræktuninni var eftir því. Stærsta málið kom hins vegar upp á Austurlandi en lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fór með rannsókn þess. Það snerist um rúmlega 100 kg af fíkniefnum sem reynt var að flytja til landsins með skútu. Í ljósi þessa gekk bærilega að hamlá gegn sölu og dreifingu fíkiniefna en hér þarf þó stöðugt að vera vel á verði.

Í þessari ársskýrslu er farið nánar yfir helstu verkefni lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Árið 2009 var á margan hátt sögulegt, líkt og þegar hefur verið rakið. Tekið skal fram að tölfræði embættisins fyrir árið 2009 er að finna í skýrslunni *Afbrot á höfuðborgarsvæðinu* (útg. 2010).



## 23. janúar

### FRÍÐSÖM MÓTMÆLI

*Sú ánægjulega þróun varð á mótmælum gærdagsins að þau fóru fríðsamlega fram. Mun færri voru við Alþingishúsið en áður og nokkrir mótmælenda tóku sig til og færðu lögreglumönnum blóm. Þess má jafnframt geta að lögreglunni hafa borist margar góðar kveðjur undanfarið. Fjöldi fólks hefur hringt eða sent tölvupóst og bæði þakkað og hrósað lögreglunni fyrir vel unnin störf.*

*lrh.is*

### Mótmæli í miðborginni

Í ársbyrjun 2009 fór aftur að gæta aukinnar spennu í samfélaginu. Veturinn hafði einkennst af mótmælum og lögreglan var við öllu búin. Efnahagshruninu haustið 2008 fylgdu mótmælafundir og síðar allskyns uppákomur þar sem lög og reglur voru ekki alltaf hafðar í heiðri. Eftir miðjan janúar 2009 þróuðust málin á enn verri veg og aukin harka hljóp í mótmælin. Iðulega var safnast saman við Alþingishúsið og þar lét fólk óánægju sína í ljós. Gengið var líka sömu erinda að Stjórnarráðinu. Ítrekað sló í brýnu með mótmælendum og lögreglu en dagana 20. - 21. janúar keyrði um þverbak.

Fyrri daginn fór fólk að hópast saman við Alþingishúsið upp úr hádegi. Var barið hressilega á glugga þess en lögreglumenn vörnuðu mótmælendum ingöngu. Um tuttugu manns voru færðir á lögreglustöð en í þessum mótmælum, sem stóðu langt fram á nótt, voru brotnar rúður í miðborginni og eldar kveiktir á nokkrum stöðum. Ekki tók betra við seinni daginn en þá var aftur orðið fjölmennt við Alþingishúsið strax eftir hádegi. Um tíma voru mótmælendur við Stjórnarráðið og gerðu aðsúg að forsætisráðherra. Er leið á daginn voru eldar kveiktir í miðborginni á nýjan leik og rúður brotnar í þinghúsinu. Það ríkti ófremdarástand en hópur mótmælenda sinti í engu tilmælum lögreglu.

## 21. september

### FASTIR Í LYFTU

Lögreglan og slökkvilið komu sjö ungunum mönnum til aðstoðar í fjölbýlishúsi í miðborginni aðfaranótt laugardags.

Mennirnir, sem allir voru í miður góðu ástandi, sátu fastir í lyftu en drjúga stund tók að losa þá úr þrúgunni. Ekki er að fullu ljóst hvað orsakaði bilunina en sjálfsgagt hefur það haft sitt að segja að burðargeta lyftunnar miðast að hámarki við sex menn.

lrh.is

## 16. október

### SÖNNUNARGAGN Á VETTvangi

Hann var heldur seinheppinn þjófurinn sem braust inn í bíl í Breiðholti síðdegis í gær.

Kauði náði að vísu að komast undan með eitthvað lítilræði en trúlega er það miklu minna virði en það sem hann sjálfur gleymdi á vettvangi. Þetta var sími þjófsins og því reyndist lögreglunni auðvelt að finna út hver var að verki. Maðurinn sem um ræðir er á fertugsaldri og hefur ítrekað komið við sögu hjá lögreglu.

lrh.is

Fór svo að lögreglan greip til þess ráðs að nota bæði kylfur og varnarúða og dugði lítt. Að lokum var beitt táragsi og hafði það tilætluð áhrif. Slíkt er aðeins gert við mjög sérstakar aðstæður og því eru ekki mörg dæmi þess í sögu lögreglunnar á Íslandi. Raunar þarf að leita aftur á síðustu öld til að finna einhvern samjöfnuð við ástandið sem hér hefur verið lýst. Helst er að nefna bæjarstjórnaróeirðirnar (Gúttóslagurinn) 1932 og mótmæla vegna inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið um miðja öldina. Þá varð fjandinn laus á Austurvelli og lögreglan varpaði táragsi á mannfjöldann en mikil andstaða var við þátttökuna í NATO.

Í mótmælunum 2009 var grjóti, glerflöskum, matvælum, mold og drullu kastað í lögreglumenn sem stóðu í ströngu í miðborginni. Þeir voru ekki öfundsverðir enda vaktirnar oft langar og álagið að sama skapi. Þegar mest gekk á einn daginn slösuðust sjö lögreglumenn. Einn þeirra fékk hellustein í höfuðið en viðkomandi missti meðvitund við höggið. Það varð lögreglumanninum hins vegar til happs að vera með hjálm. Annars hefði ekki þurft að spyrja að leikslokum. Hann var frá vinnu um tíma vegna þessa. Oftar en ekki fór þó vel á með mönnum þrátt fyrir allan hamanganginn. Eina nóttina þegar mótmælin höfðu fjarað út í miðborginni var síðasti mótmælendinn keyrður til síns heima í lögreglubíl. Sá var orðinn skjálfandi af kulda og því þótti öruggara að koma honum í gott skjól.

## Innbrot og þjófnaðir

Þjófnaðarbrot á höfuðborgarsvæðinu voru um 7.000 árið 2009. Innbrot eru þar á meðal en fjöldi slíkra mála var til rannsóknar hjá lögreglu. Allt kapp er lagt á að upplýsa þesskonar brot og varð lögreglu vel ágengt í mörgum tilvikum. Síðustu misseri hefur orðið sú breyting að innbrot eru gjarnan framin á daginn þegar fólk er í vinnu eða skóla. Sérþýli verða oftar fyrir barðinu á innbrotspjófum en þeim finnst ekki verra að athafna sig þar sem bæði gróður og grindverk veita þeim skjól. Ónóg lýsing við hífýli manna er

## 27. janúar

### INNBRÖT Í HESTHÚS – TVÆR KONUR HANDTEKNAR

Lögreglan hefur haldlagt yfir þrjátíu hnakka sem stolið var í fjölda innbrota í hesthús á höfuðborgarsvæðinu fyrr í mánuðinum. Í gær voru tvær konur handteknar í þágu rannsóknarinnar og hafa þær báðar játað sök. Tveir aðilar til viðbótar tengjast þessum innbrotum sem eru að mestu upplýst. Þjófunum tókst að selja eitthvað af hnökkum en unnið er að því að endurheimta þá. Hnakkarnir, sem voru haldlagðir, voru faldir á ýmsum stöðum á höfuðborgarsvæðinu en þeir fundust við húsleitir sem og nokkrir aðrir munir sem einnig var stolið í þessum innbrotum. Það eru lögreglumenn á svæðisstöðinni í Hafnarfirði sem fara með rannsókn málsins.

lrh.is

Þjófum líka mjög að skapi og gerir þeim betur kleift að stunda sína miður skemmtilegu iðju. Hér hafa verið nefnd nokkur einföld atriði sem fólk ætti að hafa í huga og bæta úr þar sem þess er þörf. Nágrannavarsla getur sömuleiðis verið árangursrík eins og dæmin sanna.

Rannsóknir þessara mála geta verið tímafrekar og útheimta þolinmæði. Prautseigja lögreglumanna á sér ekki mörg takmörk og það skilar oft góðum árangri. Stundum getur rannsókn á einu innbroti leitt til þess að mörg önnur eru upplýst. Þannig var því farið þegar innbrot í austurborginni kom til rannsóknar síðla sumars. Málið vatt upp á sig en á þriðja tug manna var handtekinn í tengslum við það. Á tímabili sátu átta í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknarinnar en þeir voru allir af erlendu bergi brotnir. Farið var í nærri tuttugu húsleitir og lagt hald á mikið magn af þýfi. Hinir stolnu munir voru úr mörgum innbrotum en verðmæti þeirra nam milljónum króna. Tilkynnt var um nálægt 2.900 innbrot í umdæminu en liðlega fjórðungur þeirra var innbrot í bíla.



## 22. júlí

### ÞJÓFAR HANDTEKNIR

*Tveir karlar á fertugsaldri voru handteknir í Reykjavík í gær. Í fórum þeirra fundust munir sem þeir gátu ekki gert grein fyrir. Mál þeirra eru óskyld en annar þeirra hefur játað innbrot í miðborginni. Karl um þritugt var einnig handtekinn í austurborginni í gær en sá freistaði þess að komast undan með vörur úr stórmarkaði án þess að greiða fyrir þær. Maðurinn hafði sett vörur í innkaupakerru en var stöðvaður með hana fyrir utan verslunina. Tvær unglingsstúlkur voru líka staðnar að hnupli í Smáralind. Þær voru fluttar á lögreglustöð en þaðan var hringt í forráðamenn þeirra sem komu og sóttu stúlkurnar. Og snemma í morgun voru karl og kona á þritugsaldri handtekin í Garðabæ. Þau voru sakleysið uppmálað þegar lögreglan kom á vetvang en í bil þeirra fundust munir sem talið er að séu illa fengnir.*

*lrh.is*

## 20. október

### ÞJÓFAR ÁSÆLAST GPS-TÆKI

*Undanfarnar vikur og mánuði hefur verið mikið um innbrot í bíla á höfuðborgarsvæðinu og því vill lögreglan ítreka enn og aftur að verðmæti séu ekki skilin eftir í bílum. Tölvur, myndavélar, hjómflutningstæki og radarvarar eru meðal þess sem hafa löngum freistað þjófna en nú má bæta svokölluðum GPS-tækjum á þennan lista. Fjöldi GPS-tækja hefur verið stolið úr bílum á höfuðborgarsvæðinu upp á síðkastið og því vekur lögreglan á þessu sérstaka athygli. Hún biður jafnframt eigendur eða umráðamenn ökutækja að skilja ekki verðmæti eftir í bílum. Sé það óumflýjanlegt er mikilvægt að slíkir hlutir séu ekki í auglýsingu.*

*lrh.is*

Verðmæti í ökutækjum freistuðu iðulega þjófna en brotist var inn í bíla víðs vegar í umdæminu. Þetta átti sér stað bæði við heimili fólks eða vinnustaði þess sem og á bifreiðastæðum við verslunarmiðstöðvar, kvikmyndahús, sundlaugar eða útivistarsvæði, svo dæmi séu tekin. Lögreglan ítrekaði margoft að verðmæti væru ekki skilin eftir í bílum. Fylgdi það líka tilmælunum að þar sem ekki varð hjá því komist að láta þá hlutina ekki vera í auglýsingu. Ekki dugði þetta nógu vel en tölvur, myndavélar og radarvarar voru meðal þess sem stolið var. Einnig var stolið mörgum GPS-tækjum úr bílum og má nánast tala um faraldur í þeim efnum.

Auk innbrota barst fjöldi tilkynninga um hnuplmál. Næstum því daglega var lögregla kölluð í verslanir þar sem fólk reyndi að komast hjá því að greiða fyrir vörur sem það tók. Búðarþjófarnir voru á öllum aldri, allt frá börnum og upp í gamalmenni. Einn sá stórtækasti var vopnaður litlum virklippum sem hann notaði til þess að fjarlægja þjófavörn af fatnaði sem stela átti. Um tíma bar á því að veskjum var stolið á skemmtistöðum borgarinnar og sömuleiðis var verðmætum stolið úr yfirhöfnum fólks, jafnt í kirkjum sem annars staðar. Af þessu sést að þjófum er ekkert heilagt.



Myndin er sviðsett

## 27. apríl

### RÁN OG HÚSBROT

*Tveir karlar hafa játað að hafa framið rán og húsbrot í Garðabæ um helgina en mennirnir hafa áður komið við sögu hjá lögreglu í ofbeldis- og fikniefnamálum. Tvær konur eru einnig í haldi lögreglu í þágu rannsóknarinnar en önnur þeirra hefur játað aðild að málinu. Fólkið var handtekið fyrr í dag en krafa um gæsluvarðhald verður lögð fram á morgun. Frá þessu var greint á blaðamannafundi sem haldinn var á lögreglustöðinni nú síðdegis en það voru þeir Stefán Eiríksson lögreglustjóri og Friðrik Smári Björgvinsson yfirlögregluþjónn sem skýrðu frá gangi mála en lögreglan lagði mikla áherslu á að upplýsa málið. Þess má geta að það voru ábendingar frá almenningi sem komu lögreglu á sporið.*

lrh.is

## 9. september

### RÁN Í MATVÖRUVERSLUN EINN HANDTEKINN

*Karl um tvítugt hefur verið handtekinn í tengslum við rannsókn lögreglunnar á ráni sem var framið í matvöruverslun við Hlemm á ellefta tímanum í gærkvöld. Ekki hefur reynst unnt að yfirheyra manninn vegna ástands hans. Maðurinn hefur áður komið við sögu hjá lögreglu.*

lrh.is

## Rán og fjársvik

Allnokkur rán voru framin á höfuðborgarsvæðinu. Sjaldnast hafa ræningjarnir mikið upp úr krafsinu og svo var einnig þetta árið. Mjög vel hefur gengið að upplýsa mál af þessu tagi enda á það lögð mikil áhersla. Það eru helst verslanir, einkum matvöruverslanir, sem verða fyrir svona ófögnuði. Ekki er óalgengt að ræningjarnir ógni og hóti fólki með hnífum eða bareflum en þeir geta líka verið óvopnaðir. Oft eru þeir grímuklæddir eða hylja andlit sitt með einhverju en þó ekki alltaf. Dæmi eru um að starfsmenn verslana hafi yfirbugað ræningja en slíkt getur verið varasamt. Eins og áður segir hefur gengið vel að upplýsa rán í umdæminu en eitt sinn á haustdögum vildi svo heppilega til að óeinkennisklæddir lögreglumenn voru staddir við verslunarmiðstöð í borginni þegar óvandaður maður mætti þangað grímuklæddur og með barefli. Sá var snarlega handtekinn en viðkomandi viðurkenndi að ætlun hans hefði verið að ræna peningum úr verslun sem þarna er.

Tvö rán vöktu mikla athygli og óhug fólks árið 2009. Í báðum tilvikum var farið á heimili fólks og þaðan stolið ýmsum munum. Líkamlegu ofbeldi var beitt á öðrum staðnum en á hinum var fólkinu haldið í gíslingu. Bæði málin komu upp á vormánuðum en í því fyrra ruddust tveir menn inn á heimili fullorðinna hjóna í Garðabæ og fóru ránshendi um húsið þeirra. Hjónunum var haldið í gíslingu á meðan þessu stóð og hóttað öllu illu. Gerendurnir voru handteknir fljótlega og úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Það var síðan framlengt í nokkrar vikur á grundvelli almannahagsmuna en mennirnir höfðu áður komið við sögu lögreglu.

Karl á áttræðisaldri var fórnarlambið í seinna málinu. Hann kom að tveimur innbrotspjófum á heimili sínu á Seltjarnarnesi. Annar þeirra sló húsráðanda í andlitið og batt hann síðan á höndum og fótum með límbandi. Ódæðismennirnir tóku því næst fjölda úra og skartgripa úr húsinu áður en þeir létu sig hverfa af vettvangi. Íbúanam tókst að losa sig eftir drygklanga stund og kalla á aðstoð

en maðurinn var svo fluttur á slysadeild til aðhlyningar. Lýst var eftir árásarmönnum í fjölmiðlum en fórnarlambið gat gefið lýsingu á öðrum þeirra. Tveir menn um tvítugt voru handteknir daginn eftir og játuðu aðild sína að málinu. Þetta var ekki í fyrsta skipti sem lögregla leitaði til fjölmiðla og almennings eftir aðstoð en slíkt hefur oft gefist vel.

Á árinu komu upp nokkur mál þar sem falsaðir peningaseðlar komu við sögu. Seðlarnir voru illa gerðir, prentaðir á venjulegan pappír í bleksprautuprentara. Þeir voru jafnframt án allra þeirra öryggisatriða sem finna má á seðlum útgefnum af Seðlabanka Íslands. Fáein þessara mála fóru til meðferðar hjá ákærusviði embættisins en ekki var um marga falsaða peningaseðla að ræða. Í september voru tveir Litháar handteknir á höfuðborgarsvæðinu vegna annarskonar fjármunabrots. Þeir höfðu farið um víða á Suðurlandi og keypt vörur með illa fengnum greiðslukortum. Skömmu eftir viðskiptin fóru þeir jafnframt aftur í sömu verslanir, skiluðu vörunum og fengu endurgreitt í peningum. Mennirnir sátu í gæsluvarðhaldi til skamms tíma og voru síðar úrskurðaðir í farbann.



## 11. nóvember

### BÍLVELTA Í KÓPAVOGI

*Tvö umferðaróhöpp voru tilkynnt til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í morgun. Um áttaleytið valt jepplingur á Reykjanesbraut í Kópavogi. Ekki er ljóst hvað olli því en óhappið er hvorki rakið til hálku né hraðaksturs. Meðsli ökumannsins voru talin minniháttar. Fyrr í morgun var bíl ekið á umferðarljósavita á gatnamótum Sundlaugavegar og Borgartúns. Ökumanninn sakaði ekki en hann hefur aldrei öðlast ökuréttindi.*

*lrh.is*

## 2. mars

### FIMM ÓKU UNDIR ÁHRIFUM FÍKNIEFNA

*Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði fimm ökumanna í umdæminu um helgina en hinir sömu voru allir undir áhrifum fíkniefna. Þetta voru allt karlar en þeir voru teknir víðsvegar í borginni. Mennirnir eru á aldrinum 17-36 ára. Einn þeirra hafði þegar verið sviptur ökuleyfi.*

*lrh.is*

## Umferðareftirlit

Umferðarmál eru stór hluti af verkefnum lögreglu en á höfuðborgarsvæðinu er haldið úti öflugum umferðareftirliti árið um kring. Algengt er að sjá bíla og bifhjól embættisins á helstu stofnbrautum enda mikið lagt upp úr sýnilegri löggæslu. Markmið þess er að fækka umferðarslysum í umdæminu. Samkvæmt gögnum umferðardeildar fækkaði skráðum umferðarslysum hjá lögreglu um nærri þriðjung á milli árána 2008 og 2009. Á sama tímabili varð svipuð þróun í umferðaróhöppum þar sem ölvæðir ökumenn áttu í hlut. Alls fækkaði kærnum vegna umferðarlagabrota á höfuðborgarsvæðinu um 11% á umræddum tíma.

Til viðbótar hefðbundnu eftirliti var ráðist í átak gegn ölvunarakstri í desember. Það var gert í samvinnu við embætti ríkislögreglustjóra en tæplega 3.800 ökumenn voru stöðvaðir vegna þessa. Markmiðið var að vekja athygli á þeirri hættu sem stafar af ölvunarakstri og hvetja fólk til almennrar varkárni í umferðinni. Átakið náði að sjálfsögðu einnig til aksturs undir áhrifum fíkniefna. Fyrr á árinu stóðu sömu embætti að samskonar átaki en þá voru líka fjölmargir ökumenn stöðvaðir og athugað með ástand þeirra. Yfir sumarmánuðina var svo haldið úti sérstöku umferðareftirliti á þjóðvegum í umdæmi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Það fólst m.a. í eftirliti með öryggisbúnaði ökutækja og eftirvagna.

Hraðamælingum í og við íbúðagötur var framhaldið. Annað árið í röð var fylgst með umferð í völdum götum og við það notuð ómerkt lögreglubifreið sem er búin myndavélabúnaði. Reynslan hefur sýnt að notkun slíks búnaðar gefur gagnlegar upplýsingar um ástand umferðarmála og auðveldar leit að lausnum þar sem þeirra er þörf. Raunar voru hraðamælingar á fjölmörgum stöðum en þær voru ekki síst tilkomnar vegna ábendinga frá íbúunum sjálfum eða öðrum vegfarendum. Dæmi um það voru hraðamælingar á Hafnarfjarðarvegi og Suðurgötu í Reykjavík en þar voru einmitt margir staðnir að hraðakstri.



## 30. júní

### HRADAKSTUR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Mikið bar á hraðakstri á höfuðborgarsvæðinu í gær en lögreglan stöðvaði fór rúmlega sjöfju ökumanna fyrir þær sakir. Ökufantarnir voru teknir víðsvegar í umdæminu en eitt grófasta brotið var framið á Reykjanesbraut í Garðabæ, á móts við IKEA. Þar mældist bíll sautján ára stúlkunna á 121 km hraða en á þessum hluta vegarins er 70 km hámarkshraði. Stúlkun fékk ökuskírteini í hendur fyrir fáeinum vikum en á greinilega mikið ólært. Sama má raunar segja um hálfþrítuga konu sem var staðin að hraðakstri á Vesturlandsvegi, neðan við Bauhaus. Hún ók á 130 km hraða en þarna er 80 km hámarkshraði.

lrh.is

## 23. september

### ÖKUFANTUR STÖÐVAÐUR Í GARÐABÆ

Bífhjólamaður var staðinn að hraðakstri á Reykjanesbraut í Garðabæ í gærkvöld en hjól hans mældist á 177 km hraða. Ökumaðurinn, karl á fertugsaldri, var færður á lögreglustöð en þar var hann sviptur ökuréttindum til bráðabirgða. Maðurinn hefur nokkrum sinnum áður verið tekinn fyrir hraðakstur en þó ekkert í líkingu við þetta. Þess má geta að búnaði bífhjólans var áfátt og var skráningarnúmer þess því fjarlæggt.

lrh.is

## Banaslys og hraðakstursbrot

Þrátt fyrir að umferðin hafi gengið ágætlega fyrir sig á höfuðborgarsvæðinu árið 2009 eru á því undantekningar. Þrjú banaslys varpa þar skugga á. Í ársbyrjun lést kona á fertugsaldri en hún varð fyrir bíl í miðborginni. Snemma sumars dó karl á líkum aldri en hann ók bífhjóli sem lenti í árekstri við bíl í vesturbæ Reykjavíkur. Í árslok létust þrjú karlar eftir mjög harðan árekstur tveggja bíla á Hafnarfjarðarvegi í Garðabæ. Mennirnir voru á fertugs-, sextugs- og sjötugsaldri.

Hátt í tólf þúsund ökumenn voru staðnir að hraðakstri í umdæminu og eru það ívið færri en undanfarin ár. Um ástæður þessa skal ekki fullyrt en sterkar vísbendingar eru um lækkaðan umferðarhraða á höfuðborgarsvæðinu. Sem fyrr óku margir þrátt fyrir að hafa verið sviptir ökuleyfi, um 730 brot, og aðrir sem höfðu aldrei öðlast ökuréttindi, tæplega 330 brot. Enn fleiri óku ölvaðir, um 840 brot, og einnig voru margir undir áhrifum ávana- og fíkniefna við aksturinn, eða u.þ.b. 430 brot. Þá voru rúmlega 400 ökumenn teknir fyrir að aka gegn rauðu ljósi og tæplega 200 fyrir að tala í síma án þess að notast við handfrjálstan búnað.

Alloft þurfti lögregla að bregðast við þegar ökumenn virtu ekki stöðvunarmerki hennar. Skömmu fyrir jóla var karl um þrítugt handtekinn eftir að bíl hans var veitt eftirför úr Hafnarfirði í Garðabæ og þaðan áfram í Kópavog. Þar ók lögregla á bíl ökufantsins og stöðvaði för hans með þeim hætti. Á meðan eftirförinni stóð ók maðurinn bæði á ofsahraða og að hluta til á öfugum vegarhelmingi. Ökufanturinn, sem var á stolnum bíl, braut ótal greinar umferðarlaganna og stefndi fjölda vegfarenda í hættu. Um mitt sumar var karl á fertugsaldri úrskurðaður í gæsluvarðhald eftir víttaverðan akstur í Reykjavík. Maðurinn ók jeppa í gegnum nokkrar hurðir á slökkvistöðinni í Skógarhlíð og hélt þaðan að lögreglustöðinni við Hverfisgötu en þar var för hans stöðvuð. Ekki er vitað hvað honum gekk til en maðurinn olli miklu tjóni og skapaði stórhættu.



## 19. október

---

### 100 STÖÐUBROT Í REYKJAVÍK

Mikið er um stöðubrot í Reykjavík en um helgina hafði lögreglan afskipti af um eitt hundrað ökutækjum vegna þessa. Einkum var um að ræða bifreiðar í miðborginni og nágrenni hennar. Með stöðubroti er átt við ökutæki sem er lagt ólöglega, m.a. á gangstéttum. Umráðamönnum þessara ökutækja er gert að greiða 2500 kr. en gjaldið rennur í Bilastæðasjóð. Í þessum áður nefnda hópi ökumanna eru fullfrískir einstaklingar sem lögðu í stæði sem eru sérmerkt fötluðum og höfðu þar af leiðandi til þess enga heimild. Jafnvel á bilastæðum þar sem næg stæði er að hafa geta sumir ökumenn ekki virt þessa sjálfsögðu reglu en svo virðist sem leti sumra ríði ekki við einteyming.

*lrh.is*

## 9. desember

---

### ÓK Á STRÆTISVAGN

Fólksbíl var ekið á strætisvagn á Suðurlandsbraut á mótis við Grensásveg í gærkvöld. Ökumaður og tveir farþegar úr fólksbílnum voru fluttir á slysadeild en þeir kvörtuðu undan eymslum í baki og hálsi. Ökumann og farþega strætisvagnsins sakaði hinsvegar ekki. Ökutækin skemmdust nokkuð en þó sérstaklega fólksbíllinn.

*lrh.is*

## Hugsunarleysi ökumanna

Eins og hér hefur verið rakið fer drjúgur tími lögreglu í að fylgjast með umferðarhraða en það er líka í mörg önnur horn að líta. Verkefni tengd umferðarmálum eru af ýmsu tagi en eitt þeirra er að sjá til þess að umferðin gangi greiðlega fyrir sig. Í því felst m.a. að stjórn umferð þegar mannmargar uppákomur eru haldnar á höfuðborgarsvæðinu. Þetta á við um tónleika, íþróttaviðburði og Menningarnótt svo dæmi séu tekin. Þá þarf t.d. að fylgjast með því að ökutækjum sé ekki lagt ólöglega, m.a. á gangstéttum, en slíkt vill oft brenna við. Sömuleiðis kemur of oft fyrir að fullfrískir einstaklingar leggi í stæði sem eru sérmerkt fötluðum. Hugsunarleysið ríður því stundum ekki við einteyming.

Afskipti af óskoðuðum og ótryggðum ökutækjum eru líka algeng. Suma daga voru skráningarnúmer fjarlægð af tugum ökutækja vegna trassaskapar af þessu tagi. Ákvæði um nagladekk vilja líka þvælast fyrir einhverjum. Fram eftir sumri voru höfð afskipti af ökumönnum sem voru á bílum búnum nagladekkjum. Þau má hins vegar ekki nota á tímabilinu 15. apríl til 31. október nema þess sé þörf vegna akstursaðstæðna. Ekkert slíkt átti við á höfuðborgarsvæðinu sumarið 2009. Kona á þrítugsaldri var fjórum sinnum stöðvuð fyrir þessir sakir í júlí og kom það væntanlega við pyngjuna. Sektin fyrir hvert nagladekk er fimm þúsund krónur og munar um minna.

Yfirgefin ökutæki á stofnbrautum voru líka til vandræða en nokkur slík mál komu til kasta lögreglu fyrrihluta vetrar. Í flestum tilvikum var um að ræða bensínlausa bíla sem höfðu verið skildir eftir án þess að reynt væri að koma þeim út fyrir akbraut. Af þessu skapaðist mikil hætta fyrir aðra vegfarendur en í einhverjum tilfellum var hvorki hirt um að hafa ljósin á né að kveikja á neyðarljósum.

Það bar líka vott um hugsunarleysi þegar vegalir voru notaðar við framúrakstur eins og dæmi voru um. Einn sem var tekinn við slíka iðju kærði sig kollóttan þegar lögregla hafði af honum tal. Viðkomandi reyndist jafnframt þegar hafa verið sviptur ökuleyfi og kom kannski ekki á óvart enda hugarfar hans í umferðinni ekki rétt.



## 12. október

---

### 14 ÁRA Á RÚNTINUM

*Nokkrir ungir og próflausir ökumenn komu við sögu hjá lögreglunni um helgina. Fjórtán ára piltur var stöðvaður í Kópavogi aðfaranótt laugardags en sá hafði tekið bíl föður síns traustataki og farið á rúntinn. Með stráknum í för voru tveir jafnaldrar hans en þremmingarnir voru færðir á lögreglustöð en þaðan var hringt í forráðamenn þeirra. Sömu nótt var annar unglingur tekinn við akstur bifreiðar í Kópavogi en sá hefur sömuleiðis aldrei öðlast ökuréttindi. Um var að ræða 17 ára pilt sem hafði tekið bíl afa síns í óleyfi og boðið kærustunni með sér á rúntinn. Og aðfaranótt sunnudags var annar 17 ára piltur stöðvaður í umferðinni. Sá var tekinn á Reykjanesbraut í Reykjavík en viðkomandi hefur aldrei öðlast ökuréttindi. Í þokkabót var pilturinn undir áhrifum fíkniefna en hann hafði stolið fjölskyldubílnum og var á honum þegar til hans náðist.*

*lrh.is*

## Fréttir úr umferðinni

Ýmsir seinheppnir ökumenn urðu á vegi lögreglu en einn slíkur var á ferð í miðborginni. Laganna verðir komu honum til aðstoðar en búið var að brjótast inn í bíl mannsins. Úr honum var stolið peningaveski og var tjónið bagalegt eins og gefur að skilja. Vandræði ökumannsins voru þó ekki alveg að baki því bíllinn hans reyndist vera ótryggður og því var ekki um annað að ræða en að fjarlægja af honum skráningarnúmerin. Af manninum er það síðan að segja að honum var ekið til síns heima eftir þessa óþægilegu upplifun. Hann var heldur ekki upplitsdjarfur ungi pilturinn sem fór á rúntinn með glænýtt ökuskipteini upp á vasann en ökuferðin endaði snögglega. För hans var stöðvuð á Vesturlandsvegi eftir að bíll hans mældist á um 130 km hraða í Ártúnsbrekkunni. Pilturinn fékk bæði sekt og var settur í akstursbann en auk þess var honum gert að setjast aftur á skólabekk til að ná réttum tókum á akstrinum.

Ótal sinnum voru höfð afskipti af ölvuðum ökumönnum og sumum oftast en einu sinni. Í febrúar var kona tekin í tvígang fyrir ölvunarakstur á einum sólarhring. Fyrst var hún stöðvuð að kvöldlagi eftir að hafa lent í umferðaróhappi. Bíllinn hennar var skilinn eftir við vettvanginn en konan var handtekin og kveikjuláslyklarnir settir í vörslu lögreglu. Síðdegis daginn eftir kom hún svo að sækja lyklana sína og var þá þegar búin að ná í bíllinn sinn. Hún átti aukalykla í fórum sínum og notaði þá til að komast leiðar sinnar á bílnum. För konunnar varð hins vegar ekki lengri en á lögreglustöðina því þar var hún handtekin á nýjan leik enda ófær um að setjast undir stýri. Bílnum hennar var lagt í stæði við lögreglustöðina og voru aukalyklarnir einnig teknir í vörslu lögreglu.

## 18. ágúst

### SAUTJÁN TEKNIR FYRIR ÖLVUNARAKSTUR

Sautján ökumenn voru teknir fyrir ölvunarakstur í umdæmi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um helgina. Tveir voru stöðvaðir á föstudag, fimm á laugardag og tíu á sunnudag. Tólf voru teknir í Reykjavík, þrír í Hafnarfirði og einn í Kópavogi og Garðabæ. Þetta voru fjórtán karlar á aldrinum 18-70 ára og þrjár konur, tvær á fertugsaldri og ein á fimmtugsaldri. Einn þessara ökumanna hafði þegar verið sviptur ökuleyfi.

Eins og fram hefur komið voru rúmlega þúsund próflausir ökumenn teknir í umferðinni árið 2009. Hinir sömu höfðu ýmist þegar verið sviptir ökuleyfi eða aldrei öðlast ökuréttindi en alloft var um unglinga að ræða. Eina helgina í júlí var 15 ára piltur tekinn fyrir ölvunarakstur í Reykjavík. Sá tók bíl fjölskyldumeðlims í óleyfi og fór á rúntinn. Með honum í för voru fjórir vinir hans eða kunningjar á svipuðu reki. Ökuferðinni lauk á fjölfarinni umferðargötu en þar missti pilturinn stjórn á bílnum sem hafnaði á grindverki. Meiðsli ökumanns og farþeganna reyndust minni háttar og betur fór en á horfðist. Fleiri slík dæmi mætti nefna til sögunnar en í þeim er jafnvel að finna enn yngri ökumenn.

lrh.is



## 18. ágúst

### MANNDRÁP Í HAFNARFIRÐI – GÆSLUVARÐHALD TIL 1. SEPTEMBER

*Karl um þrítugt hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 1. september að kröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og er það gert á grundvelli rannsóknarhagsmuna. Maðurinn var handtekinn á Dalshrauni í Hafnarfirði í gærkvöld en í húsi við götuna fann lögreglan karl á svipuðum aldri sem var látinn þegar að var komið. Hinn látni var með áverka á höfði sem taldir eru hafa dregið hann til dauða. Maðurinn sem er í haldi er grunaður um verknaðinn en hann hefur áður komið við sögu hjá lögreglu, m.a. vegna ofbeldis- og fíkniefnabrota. Hann var blóðugur og í annarlegu ástandi þegar lögreglan kom á vettvangi í Hafnarfirði í gærkvöld. Maðurinn var yfirheyrdur í dag en ekki er hægt að greina frekar frá rannsókn málsins að svo stöddu.*

*lrh.is*

## Manndráp og líkamsárásir

Í ágúst var óskað eftir aðstoð lögreglu að húsi í Hafnarfirði. Innandyra fannst karl um þrítugt látinn en ljóst var að honum hafði verið ráðinn bani. Karl á svipuðum aldri var handtekinn skammt frá vettvangi og játaði hann verknaðinn. Árásarmaðurinn var blóðugur og í annarlegu ástandi þegar að var komið en hann hafði áður komið við sögu hjá lögreglu, m.a. vegna ofbeldis- og fíkniefnabrota. Þrátt fyrir játninguna gat maðurinn ekki gert fulla grein fyrir því sem gerst hafði. Notast var við blóðferlagreiningu til að varpa ljósi á málið en hinum látna voru veitt ítrekuð höfuðhögg. Sem betur fer eru morð fremur fátíð á Íslandi en þetta var þriðja manndrápsmálið sem kom til rannsóknar hjá embættinu. Hin tvö áttu sér stað á fyrsta starfsári lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu árið 2007.

Fjöldi alvarlegra ofbeldisbrota (brot gegn 218 gr. alm. hegningarlaga) hefur nánast verið sá sami í umdæminu undanfarin ár. Þetta ár voru um 100 slík mál til rannsóknar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, eða jafnmörg og árin 2007 og 2008. Séu öll ofbeldisbrot talin voru þau innan við 700 árið 2009 og hefur fækkað stöðugt frá árinu 2007 en þá voru þau rúmlega 900. Tölfræðin skráir einnig ofbeldisbrot gegn lögreglumönnum hjá embættinu en þau voru um 70 á árinu eða ívið fleiri en árið á undan. Brotin voru af ýmsu tagi og áttu sér stað við misjafnar aðstæður.

Líkamsárásir á höfuðborgarsvæðinu eiga sér ekki allar stað í og við skemmtistaði í miðborginni þótt einhverjir kunni að halda svo. Næturlífínu geta sannarlega fylgt átök en lögreglan er ekkert síður kölluð til vegna átaka í heimahúsum. Þannig var því einmitt farið í tveimur grófum líkamsárásarmálum sem voru til rannsóknar í júní. Í báðum tilvikum var gengið í skrokk á körlum á þrítugsaldri. Annar þeirra var með marga skurði og marbletti á líkamanum auk

## 7. apríl

### ELLEFU LÍKAMSÁRÁSIR

*Ellefu líkamsárásir voru tilkynntar til lögreglunnar um helgina. Tæplega helmingur þeirra, eða fimm, átti sér stað í miðborginni aðfaranótt laugardags. Flestar líkamsárásanna voru minniháttar en nokkrir karlar fóru þó heim ýmist nefbrotnir eða með brotnar tennur eftir skemmtanir næturinnar. Í tveimur tilvikum voru þolendur skallaðir í andlitið. Alvarlegasta líkamsárásin átti sér stað í Lækjargötu aðfaranótt sunnudags. Þar var karl á þrítugsaldri sleginn í andlitið og var hann fluttur á sjúkrahús, alvarlega slasaður. Árásarmaðurinn var handtekinn nokkru síðar.*

*lrh.is*

stunguáverka á rasskinn. Fimm voru handteknir vegna málsins og einn þeirra úrskurðaður í gæsluvarðhald. Hinn árásarþolin lá um tíma á gjörgæsludeild enda mikið slasaður. Fjórir sátu í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar þess máls en gerendur og þolendur í báðum málunum voru allir af erlendu bergi brotnir.

Hnífar og ýmis barefli komu stundum við sögu í líkamsárásarmálum. Þá var skotvopni beitt seint á árinu þegar karl á þrítugsaldri taldi sig eiga eitthvað sökótt við mann í Breiðholti. Um var að ræða tilraun til manndráps en byssumaðurinn fór að ónefndu húsi og hleypti af haglabyssu á vettvangi. Ummerki þess mátti sjá á útidyrhurð og gleri við hlið hennar en húsráðanda sakaði ekki. Í febrúar rannsakaði lögregla lát konu á fertugsaldri sem fannst klæðalítill í Kapelluhrauni, sunnan Hafnarfjarðar. Á líkinu voru minni háttar áverkar en karl á fertugsaldri var handtekinn í þágu rannsóknarinnar. Ekkert kom þó fram sem benti til þess að sagnæmt athæfi hefði átt sér stað.





## 24. febrúar

### VÆNDI – GÆSLUVARÐHALD TIL 27. FEBRÚAR

Lögregluembættin á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum hafa nú til rannsóknar mál þar sem grunur leikur á milligöngu um vændi. Þrjúkona hefur verið úrskurðuð í gæsluvarðhald til 27. febrúar í tengslum við rannsókn málsins. Hún var handtekin við komuna til landsins sl. föstudag. Konan, sem er íslenskur ríkisborgari, er jafnframt talin hafa tengsl við íslenskan karlmann á fertugsaldri sem var handtekinn á flugvelli í Hollandi á dögunum. Maðurinn, sem er grunaður um aðild að fíkniefnasmygli, er í haldi þarlandra lögregluyfirvalda.

lrh.is

## 11. maí

### KYNFERÐISBROT – LÖGREGLAN LEITAR VITNA

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rannsakar nú meint kynferðisbrot gagnvart konu að morgni laugardagsins 2. maí sl. á tímabilinu frá kl. 4.45 til 5.15. Meint brot er talið hafa átt sér stað í fólksbifreið í bifreiðastæði við Tollhúsið í Tryggvagötu í Reykjavík. Konan greindi frá því að hún hefði hlaupið yfir götuna í átt að skemmtistaðnum Amsterdam eftir brotið og þá hefði verið óskrað ókvæðisorðum á eftir henni á erlendu tungumáli. Hún taldi að vitni hefðu séð þetta. Eftir meint brot fór konan á Ingólfstorg þar sem tveir vegfarendur, maður og kona, gáfu sig að henni.

Þeir sem urðu vitni að framangreindum atburði eða búa yfir upplýsingum sem geta varpað ljósi á málið eru beðnir að hafa samband við kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í síma 444-1000.

lrh.is

## Kynferðisbrot og heimilisofbeldi

Mun fleiri nauðgunarkærur bárust lögreglu árið 2009 í samanburði við árið á undan. Nánast var um helmingsfjölgun mála að ræða en um ástæður þessa er erfitt að fullyrða. Um 50 slíkar kærur voru lagðar fram en þær voru 35 árið 2008. Sjá má fjölgun annarra kynferðisbrota í tengslum við Netið og er þar átt bæði við samskiptasíðu eins og Fésbók og msn-netspjall. Samhliða eru eineltisbrot orðin vaxandi vandamál. Sönnunarbyrði í nauðgunarmálum getur verið erfið en fá mál eru eins viðkvæm. Þau eru í eðli sínu ljót, ef þannig má að orði komast, og fórnarlömbin eiga um sárt að binda.

Eitt mál vakti meiri athygli en önnur en þar átti í hlut karl á þrítugsaldri sem hafði samræði við fjórar unglingsstúlkur. Þar kom Netið við sögu en maðurinn kynntist stúlkunum í gegnum samskiptasíðu. Hann var líka kærður fyrir vörslu á barnaklámi auk annarra brota. Í einhverjum tilvikum nýttu gerendur sér ölvunarástand þolenda en slíkt er ekki óþekkt í málum sem þessum. Dæmi um það er þegar konu var nauðgað í húsasundi í iðnaðarhverfi. Karl um þrjútt var handtekinn vegna málsins en sá bar við að konan hefði veitt samþykki sitt. Sannað þótti, m.a. í ljósi mikilla áverka á konunni, að svo var ekki. Auk nauðgana voru fjölmennustu brotaflokkarnir blygðunarsemisbrot og kynferðisbrot gegn börnum.

Lögreglu bárust líka margar tilkynningar um heimilisofbeldi, jafnt andlegt sem líkamlegt. Eitt óhugnanlegasta málið átti sér stað í október en þá var kallað eftir aðstoð að húsi í Fossvogi í Reykjavík. Á vettvangi var kona um fertugt sem hafði mátt þola barsmiðar en hún var með alvarlega höfuðáverka og var flutt á slysadeild. Í húsinu var einnig fyrrverandi maðurinn hennar en sá var sömuleiðis illa haldinn eftir að hafa drukkið ólyfjan og lést hann á sjúkrahúsi síðar þennan sama dag.

Og áfram um dekkri hliðar mannlífsins. Undir lok ársins sátu tvær konur í gæsluvarðhaldi grunaðar um aðild að mansali og að hafa haft milligöngu um vændi. Í tengslum við rannsóknina var lokað fyrir vændisstarfsemi í húsi í miðborginni en fjölmargir voru færðir til skýrslutöku, m.a. þeir sem keyptu vændisþjónustuna sem veitt var.



## 10. febrúar

### 200 KANNABISPLÖNTUR HALDLAGÐAR

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði kannabisræktun í húsi í miðborginni eftir hádegi á föstudag. Við húsleit á áður nefndum stað fundust rúmlega 200 kannabisplöntur á ýmsum stigum ræktunar. Karl á þrítugsaldri var handtekinn í þágu rannsóknar málsins. Í framhaldinu voru framkvæmdar húsleitir á tveimur öðrum stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Á öðrum þeirra fundust ætluð fíkniefni og talsverðir fjármunir sem grunur leikur á að séu tilkomnir vegna fíkniefnasölu. Húsleitirnar voru framkvæmdar að undangengnum dómsúrskurði.

lrh.is

## 19. apríl

### 500 GRÓÐURHÚSALAMPAR HALDLAGÐIR

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur lagt hald á um 500 gróðurhúsalampa það sem af er árinu. Samhlíða hafa 32 kannabisræktanir verið stöðvaðar víðsvegar í umdæminu. Sex þessara ræktana voru stöðvaðar í apríl en fram til þessa hefur lögreglan fundið 813 kannabisplöntur í mánuðinum. Það sem af er apríl hefur lögreglan jafnframt lagt hald á um 3 kíló af kannabislaufum og tæplega 400 grömm af marjúana í þessum sömu aðgerðum.

lrh.is

## Kannabisræktanir

Hvergi var slakað á í baráttunni við fíkniefnavandann árið 2009. Ótal fíkniefnamál komu til rannsóknar hjá embættinu og var unnið að þeim af miklum krafti. Sem fyrr var lögð mikil áhersla á að hamla gegn sölu og dreifingu fíkniefna en vegna þessa er haldið úti sérstökum fíkniefnasíma, 800-5005. Í hann má hringja nafnlaust til að koma á framfæri upplýsingum um fíkniefnamál. Þetta árið spruttu upp margar kannabisræktanir og fór drjúgur tími í að uppræta þær. Fjöldmörg mál af þessu tagi komu á borð lögreglu flesta ef ekki alla mánuði ársins og má með réttu kalla þetta faraldur, sérstaklega framan af árinu.

Kannabisræktanir var að finna víða á höfuðborgarsvæðinu, jafnt í íbúðarhúsum sem iðnaðarhverfum, og sumstaðar var miklu til kostað. Dæmi um það er kannabisræktun sem lögregla stöðvaði í iðnarhúsnæði á Kjalarnesi í mars. Þar var að finna rúmlega 600 kannabisplöntur á ýmsum stigum ræktunar. Á sama stað var einnig lagt hald á tæplega 5 kg af marjúana og svipað magn af kannabislaufum. Af aðstæðum innandyra mátti ráða að um afar umfangsmikla kannabisræktun var að ræða og hafði lögregla ekki áður séð neitt í líkingu við þetta. Tveir menn á þrítugsaldri voru handteknir í þágu rannsóknarinnar.

Pegar nýbúið var að upplýsa fyrrnefnt fíkniefnamál á Kjalarnesi var lögregla mætt öðru sinni á þessar sömu slóðir. Í næsta nágrenni reyndist nefnilega vera önnur kannabisræktun og var hún engu minni í sniðum. Þar var líka um iðnaðarhúsnæði að ræða en innandyra var að finna um eitt þúsund kannabisplöntur. Þær voru flestar skammt á veg komnar en ekki var talið að þessi ræktun hefði staðið yfir lengi. Í tengslum við hana var karl um fertugt færður til yfirheyrslu en sá hafði ekki áður komið við sögu hjá lögreglu. Við rannsóknir mála eins og hér um ræðir er margt sem þarf að skoða.



## 30. mars

### KANNABISRÆKTUN Í ÚLFARSÁRDAL – 200 PLÖNTUR HALDLAGÐAR

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði umfangsmikla kannabISRæktun í húsi í Úlfarsárdal um helgina. Við húsleit á áður nefndum stað fundust um 200 kannabISplöntur á lokastigi ræktunar. Fjórir karlar hafa verið yfirheyrðir í tengslum við rannsókn málsins en talið er að það tengist kannabISRæktun sem fannst í Hafnarfirði á föstudag. Þá fundust um 300 kannabISplöntur og voru þær sömuleiðis á lokastigi ræktunar. Á báðum stöðum var stórt rými undirlagt af þessari starfsemi.

lrh.is



Eitt af því er hvort sami aðili sé á bak við bæði framleiðslu og dreifingu fíkniefnanna en svo þarf ekki endilega að vera.

Samvinna og samstarf er lykillinn að góðum árangri í baráttunni við fíkniefnavandann. Þar vegur líka þungt hlutur almennings en ábendingar frá honum koma lögreglu oft á sporið. Þetta á t.d. við um allnokkrar af þeim sextíu kannabISRæktunum sem stöðvaðar voru í umdæminu en sumar þeirra voru mjög umfangsmiklar. Ætla má að um 200 kannabISplöntur hafi verið haldlagðar að meðaltali í umræddum málum. Eru þá ótaldir gróðurhúsalampar og ýmiss sérhæfður búnaður sem fylgir starfsemi af þessu tagi. Eftir því var líka tekið á árinu að sérhæfing og tækniþekking þegar kemur að kannabISRæktun virðist meiri en áður. Það er jafnframt mat lögreglu að í einhverjum tilvikum megi ætla að framleiðsluna hafi átt að selja erlendis. Að minnsta kosti er ekki hægt að útiloka slíkt.

## 7. apríl

### FÍKNIEFNASALI

#### HANDTEKINN Í REYKJAVÍK

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fann fíkniefni við húsléit í fjölbýlishúsi í Hlíðunum í Reykjavík eftir hádegi í dag. Um var að ræða um 50 gr. af marjúana en talið er að það hafi verið ætlað til sölu. Húsráðandi, piltur um tvítugt, hefur áður komið við sögu hjá lögreglu.

Fyrirnefnd aðgerð er liður í að hamla gegn sölu og dreifingu fíkniefna en sem fyrr minnr lögreglan á fíkniefnasímann 800-5005. Í hann má hringja nafnlaust til að koma á framfæri upplýsingum um fíkniefnamál. Fíkniefnasíminn er samvinnuverkefni lögreglu og tollyfirvalda og er liður í baráttunni við fíkniefnavandann.

lrh.is

## 11. september

### FÍKNIEFNAMÁL – FJÓRIR Í GÆSLUVARÐHALD

Fjórir karlar hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 24. september að kröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Mennirnir, þrír á þrítugsaldri og einn undir tvítugu, eru grunaðir um aðild að máli sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur haft til rannsóknar undanfarnar vikur en það varðar innflutning á fíkniefnum hingað til lands frá Danmörku. Málið hefur verið unnið í samvinnu við dönsk lögreglu yfirvöld en nokkur önnur lögregluembætti hérlendis auk tollyfirvalda hafa átt aðkomu að rannsókninni. Ekki er unnt að veita frekari upplýsingar um málið að svo stöddu.

lrh.is

## Alþjóðleg barátta gegn fíkniefnum

Fíkniefnamál teygja iðulega anga sína út fyrir landsteinana og þá er gott að geta treyst á samvinnu við lögreglulið í öðrum löndum. Þetta á við um nær allar langtímarannsóknir hjá embættinu en Europol hefur jafnframt aðkomu að þeim flestum. Mikill tími fer í samskipti við lögreglulið erlendis og hafa þau aukist jafnt og þétt síðustu misseri. Sama gildir um ýmis samskipti hér heima en lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur átt gott samstarf við fjölmarga aðila, t.d. toll- og skattyfirvöld sem og Landhelgisgæsluna. Þá er sömuleiðis mikil og góð samvinna við önnur lögreglulið á landinu.

Sýnt þykir að samstarf af þessu tagi tryggir betri árangur en til vitnis um það eru nokkur mál sem voru til rannsóknar á árinu. Eitt þeirra sneri í upphafi að innflutningi eins tons af kókaíni frá S-Ameríku til Evrópu en efnið var leyst upp í sírópi. Á bak við innflutninginn voru alþjóðlegir glæpahópar sem höfðu sterka tengingu við Ísland. Í tengslum við málið voru fíkniefni haldlögð og fyrirætlanir um millifærslur á fjármunum stöðvaðar. Annað mál, unnið í samstarfi við dönsku lögregluna, varðaði fíkniefni sem voru síðar vandlega falin utan höfuðborgarsvæðisins. Þegar koma átti fíkniefnunum í dreifingu hérlendis var gripið til aðgerða sem skiluðu góðum árangri og leiddu til handtöku. Einnig má nefna mál sem var rannsakað í samvinnu við yfirvöld í Litháen og Færeyjum. Það snerist um fíkniefni sem voru falin í bíl sem var fluttur hingað til lands en í málinu reyndi verulega á hæfni lögreglu og tollyfirvalda. Fimm manns sátu um tíma í gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar þess.

## Stærsta fíkniefnamálið

Í stærsta fíkniefnamáli ársins var lagt hald á um 109 kg af fíkniefnum. Um var að ræða amfetamín, marjúana, hass og e-töflur. Aldrei áður hefur lögregla haldlagt viðlíka fíkniefnafarm í einu lagi en hann var fluttur til landsins í apríl með 40 feta seglskútu. Henni var siglt yfir Atlantshafið og upp að Austfjörðum. Aðferðin var þó ekki ný

## 25. júní

### FÍKNIEFNI OG FJÁRMUNIR FUNDUST VIÐ HÚSLEITIR

*Fíkniefni fundust við húsleitir á tveimur stöðum á höfuðborgarsvæðinu í gær. Um var að ræða kókaín, amfetamín og hass. Á báðum stöðum var einnig lagt hald á talsvert af peningum sem grunur leikur á að séu tilkomnir vegna fíkniefnasölu. Í báðum tilfellum voru húsráðendur handteknir. Annar þeirra var einnig með þýfi í fórum sínum en hinn reyndist jafnframt vera eftirlýstur fyrir aðrar sakir. Mennirnir eru á þrotugs- og fertugsaldri og hafa áður komið við sögu hjá lögreglu.*

*Fyrirnefndar aðgerðir eru liður í að hamla gegn sölu og dreifingu fíkniefna en sem fyrr minnir lögreglan á fíkniefnasímann 800-5005. Í hann má hringja nafnlaust til að koma á framfæri upplýsingum um fíkniefnamál. Fíkniefnasíminn er samvinnuverkefni lögreglu og tollyfirvalda og er liður í baráttunni við fíkniefnavandann.*

lrh.is

af nálinni því árið 2007 var reynt að gera hið sama. Þá var líka lagt hald á mjög mikið magn fíkniefna. Í báðum tilvikum var rannsóknin á hendi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og hafði hún staðið yfir í nokkurn tíma áður en dró til tíðinda.

Skútan bar nafnið Sirtaki en gripið var til aðgerða þegar fyrrsjáanlegt var að fíkniefni væru um borð. Talið var líklegt að bátur kæmi til móts við skútuna undan Austfjörðum og að eiturlyfin yrðu þannig ferjuð í land. Þetta gekk allt eftir og fíkniefnasmyglararnir voru handteknir umsvifalaust, tveir við Djúpavog og einn í grennd við Höfn. Í bíl eins þeirra fundust fíkniefni sem lögregla tók í sína vörslu. Reyndar voru ekki allir fíkniefnasmyglararnir handteknir strax því þrír þeirra lögðu á flóttu undan réttvísinni. Þeir voru allir um borð í Sirtaki en umfangsmikil leit var gerð að skútunni og við það notaðar þylur, flugvél og varðskip. Skútan kom auðvitað í leitirnar en skipshöfnin var samt ekkert á þeim buxunum að láta til síns nást.

Fór svo að eftirförinni lauk ekki fyrr en djúpt út af SA-landi þegar varðskipið Týr stöðvaði för skútunnar. Um borð í varðskipinu voru sérsveitarmenn en þeir fóru í skútuna og handtóku þremmenningana sem gáfust þá upp mótþróaust. Um var að ræða sameiginlega aðgerð Landhelgisgæslunnar, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, lögreglunnar á Eskifirði og embættis ríkislögreglustjóra. Alls voru því sex menn, fimm íslenskir og einn hollenskur, handteknir í þessari atburðarás. Þeir voru allir úrskurðaðir í gæsluvarðhald og voru í haldi lögreglu vikum saman. Rannsóknin var mjög viðamikil og kallaði á samstarf við lögreglulið í mörgum löndum á meðan á henni stóð. Þess má geta að þungir dómur féllu í málinu. Einn mannanna var dæmdur í 10 ára fangelsi, annar í 9 ár en hinir í 3-5 ára fangelsi.



## 15. janúar

### ÍKVEIÐJA Í TRYGGVAGÖTU

*Karlmaður um fimmtugt hefur játað að hafa kveikt í húsi við Tryggvagötu í Reykjavík eftir hádegi í gær. Hann var handtekinn annars staðar í borginni nokkru síðar en talsverðar skemmdir urðu á húsinu. Í því eru nokkur herbergi í útleigu en engan sakaði í brunanum. Maðurinn hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 19. janúar að kröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og er það gert á grundvelli rannsóknarhagsmuna.*

*lrh.is*

## Sérrefsilagabrot

Skotvopn komu við sögu í fáeinum málum hjá embættinu en í ársbyrjun 2009 var 16 ára piltur handtekinn í Breiðholti en sá var með hlaðna skammbyssu í fótum sínum. Tildrög málsins voru þau að tilkynning barst um að ungur maður, vopnaður skotvopni, væri á ferðinni í Háaleitishverfi. Fjölmennt lið lögreglu leitaði að piltinum sem fannst svo hjá ættingjum sínum í Breiðholti en þeir gerðu lögreglu viðvart. Hann gaf sig fram mótþróalaust og var færður á viðeigandi stofnun. Pilturinn hleypti af einu skoti á mannlaust hús á leikvelli í Háaleitishverfi og fór kúlan í gegnum vegg þess. Byssuna hafði pilturinn tekið ófrjálsri hendi hjá föður sínum en hann beindi henni aldrei að öðrum.

Í janúar kom upp eldur í tveimur íbúðarhúsum í miðborginni. Karl um fimmtugt var handtekinn í tengslum við annað málið og úrskurðaður í gæsluvarðhald. Í hinu málinu var sömuleiðis álitnið að um íkveikju hefði verið að ræða. Í desember voru þrjú 15 ára piltar á ferð í Breiðholti og kveiktu í skóla í hverfinu en brennuvargarnir voru handteknir skammt frá vettvangi. Ekki er þó allt talið enn þegar brunar eru annars vegar því í sumarlok var kveikt í myndbandaleigu í austurborginni. Rannsókn leiddi í ljós að eldhvetjandi efni var sprautað í gegnum bréfalúgu í anddyri leigunnar. Í sama húsi eru nokkrar íbúðir en íkveikjan átti sér stað um miðja nótt þegar fólk í þeim var í fastasvefni. Engan sakaði í þessum málum en tjónið var mikið.

Þegar kemur að skemmdarverkum er svo sem af nógu að taka. Veggjakrot og rúðubrot eru tilkynnt til lögreglu í nokkrum mæli og svo var einnig þetta árið. Bílar verða líka stundum fyrir barðinu á fólki sem finnur hjá sér þörf til að rispa hluti. Í október voru allmargir bílar illa rispaðir í einu hverfi borgarinnar. Spellvirkinn fannst en um var ræða karl á þrítugsaldri.



Rauð málning kom líka mjög við sögu í ákveðnum málum en henni var skvett á sérvalin hús, að því er virðist. Þetta voru aðallega hús manna sem tengdust hinni svokölluðu útrás. Í einhverjum tilvikum var rauðri málningu einnig skvett á bíla. Í minnst einu tilfalli notuðu skemmdarvargarnir lakkleysi, sem er ætandi efni og því hættulegt ef það fer á húð eða í augu fólks.



## 14. janúar

### NÁGRANNAERJUR

*Ekki eru allir jafn duglegir að koma jólatrjám í hendur sorphirðumanna en víða á höfuðborgarsvæðinu hefur verið hægt að setja trén út við lóðarmörk. Þangað eru þau sótt af starfsmönnum sveitarfélaganna og mælist þjónustuna vel fyrir. Íbúi í ónefndu fjölbýlishúsi í borginni hefur trúlega verið búinn að gleyma þessu því hann henti sínu jólatré beint niður af svölunum. Svo óheppilega vildi til að það lenti á bíl sem var lagt í bílastæði við húsið. Ekki er að fullu ljóst hvort íbúinn hafi ætlað að kasta jólatrénu að lóðarmörkunum eða beinlínis að valda skemmdum á bílnum. Hinu síðarnefnda er haldið fram af eiganda bílsins en sá hefur átt í deilum við þann sem kastaði jólatrénu. Tjónið á bílnum liggur ekki fyrir en þrætuepli manna er tiltekið bílastæði við áðurnefnt hús.*

*lrh.is*

### Húsbrot

Um miðjan apríl barst lögreglu beiðni um að rýma hús í miðborginni en hópur fólks hafði komið sér þar fyrir í óleyfi. Hinir óboðnu gestir sinntu í engu fyrirmælum lögreglu um að yfirgefa húsið og fór svo að þeir voru fjarlægðir með valdi. Ekki gekk það vandræðalaust fyrir sig því fólkið hafðist við á efstu hæðinni og henti öllu lauslegu að lögreglumönnum á vettvangi. Ýmsum munum og einnig matvælum og málningu rigndi yfir laganna verði en einn þeirra hlaut áverka á hálsi og baki í öllum látunum. Hústökufólkið notaði einnig duftslökkvitæki til að bægja lögreglu frá en hafði ekki erindi sem erfiði. Fór svo að tuttugu og tveir voru handteknir á vettvangi, langflestir á efstu hæðinni en hinir sömu reyndu árangurslaust að leynast í herbergjum sem þar eru. Einhverjir freistuðu þess líka að fela sig á háaloftinu en hinn langi armur laganna náði líka til þeirra. Athygli vakti að flestir hinna óboðnu gesta voru grímuklæddir og var engu líkara en þeir hefðu undirbúið sig fyrir átök við lögreglu.

### Menningarnótt

Menningarnótt er stærsti viðburður ársins á höfuðborgarsvæðinu en þá safnast fólk saman í miðborginni og nágrenni hennar og gerir sér glaðan dag, enda fjölbreytt dagskrá í boði. Um 60-80 þúsund gestir voru í bænum laugardaginn 22. ágúst og fór þeim fjölgandi eftir því sem leið á daginn. Hápunktur Menningarnætur var flugeldasýning um kvöldið en þá voru um 100 þúsund manns í miðborginni. Að venju hafði lögregla mikinn viðbúnað en fjölmörg verkefni komu á hennar borð. Útköllin voru af ýmsum toga en greiðlega gekk að leysa úr flestum málum. Líkt og undanfarin ár naut embættið liðveislu ýmissa aðila á Menningarnótt og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir aðstoðina.

Menningarhátíðin gekk vel fyrir sig en eftir flugeldasýninguna varð ölvun nokkuð áberandi eins og oft vill verða. Afskipti voru höfð af

## 23. ágúst

### MANNLÍFIÐ Á MENNINGARNÓTT

*Mannlífið á Menningarnótt var fjölbreytilegt að vanda. Langflestir borgarar skemmtu sér vel á þessari miklu menningarhátíð en alltaf eru samt einhverjir sem fara út af sporinu. Það átti t.d. við um fjóra ökumenn sem voru teknir fyrir ölvunarakstur í gær. Tveir voru handteknir snemma að morgni Menningarnætur en um var að ræða tvo karla á fertugsaldri. Þeir voru reyndar í sama bílnum sem hafði verið ekið á ljósastaur á Laugarásvegi. Ekki er fyllilega ljóst hvor þeirra var undir stýri þegar bíllinn hafnaði á staurnum en grunur leikur á að báðir hafi komið við sögu í þessari ökuferð. Um tvöleytið í nótt var karl á þritugsaldri tekinn fyrir ölvunarakstur á Skúlagötu og litlu síðar var 19 ára stúlka stöðvuð fyrir sömu sakir í Smáibúðahverfinu. Eitthvað var um þústra í miðborginni í gærkvöld og nótt en átta líkamsárásir hafa verið tilkynntar til lögreglu, allar minniháttar.*

lrv.is

ölvuðu fólki en skipulega var unnið gegn áfengisdrykkju og ólöglegri útvist barna og unglinga. Þeir sem höfðu ekki aldur til að vera úti við var vísað heim eða færðir í athvarf. Nokkru magni af áfengi var helt niður en þó ekki í meiri mæli en undanfarin ár. Þrátt fyrir þetta voru lögreglumenn almennt frekar sáttir með ástandið en þess má geta að fangaklefar lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu voru ekki fullnýttir þessa nótt. Vonandi verður svo áfram á Menningarnótt.

Ekki er hægt að skilja við Menningarnótt án þess að minnst á umferðina. Hún gekk að mestu áfallalaust þótt nokkur umferðaróhöpp væru tilkynnt til lögreglu. Þá var talsvert um að ökutækjum væri illa og/eða ólöglega lagt í og við miðborgina. Sérstaklega þó í Þingholtunum og nágrenni eftir hádegi og fram eftir degi. Mjög mikil umferð var á miðborgarsvæðinu eftir að flugeldasýningunni lauk en ágætlega gekk að greiða úr henni, ekki síst á Sæbraut. Þeir sem fóru um Hringbraut og Bústaðaveg voru hins vegar aðeins lengur til síns heima, en á síðartalda staðnum varð umferðaróhapp á tólfta tímanum sem tafði fyrir öðrum vegfarendum. Að öllu samanlögðu gekk umferðin samt vel fyrir sig. Því er svo við að bæta að um 100 lögreglumenn voru að störfum á Menningarnótt.



## 23. september

### ÓSÁTTUR SVINDLARI

Eins og flestir vita eru verkefni lögreglunnar af ýmsum toga og sum er óvenjulegri en önnur. Það átti sannarlega við á dögnum þegar óskað var eftir lögregluaðstoð á ónefndum stað á höfuðborgarsvæðinu. Þar hafði staðið yfir próf í ótilgreindu fagi og einn nemandinn orðið uppvis að svindli. Mun viðkomandi hafa haft svindmiða meðferðis en það er með öllu óheimilt eins og gefur að skilja. Svindl á prófi er ekki beinlínis lögreglumál en í þessi tilviki spruttu upp deilur vegna prófgjaldsins. Svindlarinn hafði greitt það samviskusamlega og vildi nú fá það endurgreitt þegar honum var gert að yfirgefa prófstaðinn. Á það var ekki fallist og kom til orðahnippinga. Eftir nokkrar fortölur tókst að vísa nemandanum út en lögreglu er ekki kunnugt um hvort hann hafi reynt að þreyta prófið öðru sinni.

lrh.is

## 21. desember

### SVANUR Í SUNDI

Það var heldur óvenjuleg sjón sem blasti við lögreglumönnum í sundlaug Kópavogs í gær. Þar hafði svanur fengið sér sundsprett í óþökk starfsmanna sem kölluðu til laganna verði. Ekki kom til þess að álfittin væri handtekin því lögreglumenn voru kallaðir í annað verkefni og þurftu frá að hverfa. Ekki er talið að nein eftirmál verði vegna þessa óboðna gests í sundlaug Kópavogs.

lrh.is

## Óvenjuleg verkefni

Í ársskýrslunni hér að framan eru rakin helstu verkefni lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og þau sem kalla má hefðbundin. Ekki er þó hægt að skilgreina öll verkefni hjá embættinu með þessum hætti því mörg þeirra verða að teljast heldur óvenjuleg. Það átti t.d. við þegar lögreglumenn komu í íbúð í fjölbýlishúsi á höfuðborgarsvæðinu um mitt sumar. Innandyra voru fimm snákar, fjórar köngulær, kakkalakki og ýmis önnur skordýr sem við kunnum ekki að nefna. Þar var einnig að finna eðlu, mýs og hamstra. Fátt var um svör þegar húsráðandi var spurður um dýrahaldið en dýrin voru flutt að Keldum þar sem gerðar voru viðeigandi ráðstafanir.

Dýr komu líka við sögu þegar maður í Hafnarfirði hringdi í lögreglu í ársbyrjun. Í íbúð hans var kominn ókunnur köttur og vildi maðurinn að lögreglumenn kæmu og fjarlægðu dýrið. Honum var tjáð að ekki væri hægt að bregðast við tafarlaust enda fylgdi sögunni að kötturinn væri svo sem ekkert ófrýnilegur. Maðurinn lét sér það vel lynda en tók síðan til sinna ráða, handsamaði köttinn og fór með hann á lögreglustöð bæjarins. Farið var yfir málið en áhyggjur mannsins voru skiljanlegar. Hinn óboðni gestur, sem var freskköttur, hafði nokkrum sinnum áður farið inn í sömu íbúð en eigandi hennar, maðurinn sem tók til sinna ráða, var sjálfur með kött, læðu. Varpaði þetta ljósi á atburðarásina og skýrði þessar heimsóknir.

Í október var lögregla líka kölluð til í máli sem reyndist ekki eins alvarlegt og talið var í fyrstu. Þá fréttist af grunsamlegum vettvangi og fylgdi sögunni að þar væri allt útatað í blóði. Strax var haldið á staðinn en þegar þangað kom blasti við hús þar sem allt var með kyrrum kjörum. Inn um glugga mátti hins vegar sjá að ekki var allt með felldu. Tekin var sú ákvörðun að fara inn í húsið en innandyra voru blóðug fótspor og blóð á veggjum. Þar hafði samt ekki verið framið neitt voðaverk og allt átti þetta sér eðlilegar skýringar.

## 20. október

### BREIÐHYLTINGAR

#### Á RÉTTRI LEIÐ

*Tæplega þrjátíu manns sátu fund sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu átti með fulltrúum Breiðhyltinga í gær en fundurinn var haldinn í Mjóddinni. Á honum var farið yfir þróun brota í hverfinu undanfarin ár en mjög horfir nú til betri vegar í Breiðholti í þeim efnum. Á síðasta ári fækkaði t.d. bæði ofbeldis- og fíkniefnabrotum í samanburði við árin þar á undan.*

*Eignaspjöllum fækkar líka á sama tímabili og innbrot árið 2008 voru nánast jafnmörg og 2007. Fyrstu níu mánuði þessa árs fjölgaði reyndar innbrotum í Breiðholti í samanburði við sömu mánuði í fyrra. Sama þróun hefur hinsvegar almennt átt sér stað á höfuðborgarsvæðinu og því sker Breiðholtið sig engan veginn úr hvað þetta snertir. Yfirleitt eru Breiðhyltingar í góðum málum og mega vera stoltir af hverfinu sínu.*

lrh.is

Við nánari skoðun kom nefnilega í ljós að um gerviblóð var að ræða. Þegar náðist í húsráðanda gat hann svo enn fremur skýrt frá því að nýbúið væri að halda hrekkjavökupartí í húsinu. Þrátt fyrir það sem hér er nefnt skal það áréttað að það er betra að hringja einu sinni of oft í lögregluna en einu sinni of sjaldan.

### Hverfa- og svæðafundir

Í október og nóvember voru haldnir þrettán svokallaðir hverfa- og svæðafundir þar sem fulltrúar lögreglu fóru yfir stöðu og þróun mála á hverjum stað fyrir sig. Um árlega fundi er að ræða en þeir eru jafnframt mikilvægur vettvangur skoðanaskipta. Sjö slíkir fundir voru haldnir í Reykjavík en einn í hinum sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu að Kópavogi undanskildum. Til þeirra er boðið lykilmál á öllum svæðum í umdæminu en fundirnir hafa ávallt verið vel sóttir og sýna að áhugi á löggæslumálum er mikill. Þess má geta að samhliða fundinum í Mosfellsbæ skrifuðu bæjarstjórnir þar og lögreglustjórnir á höfuðborgarsvæðinu undir samning um aukið öryggi og samvinnu þessara aðila á sviði löggæslu- og forvarnarmála.



## 6. janúar

### LÉLEGUR PÍANISTI?

Lögreglan var kölluð að fjölbýlishúsi í Kópavogi nokkru eftir miðnætti síðastliðna nótt. Tilkynnandi kvartaði undan hávaða og sagðist ekki ná að festa svefn. Þegar komið var á staðinn reyndist kvörtunin á rökum reist en heyra mátt óm af hljóðfæraleik út á stétt. Þegar málið var kannað frekar reyndist karl á fimmtugsaldri vera að spila á píanó. Ekki þarf að hafa mörg orð um spilamennskuna en maðurinn var ólvaður og ekki í neinu standi til að spila á píanó eða önnur hljóðfæri ef út í það er farið.

*lrh.is*

## 25. ágúst

### UMSÓKNIR UM LEYFI OG SKÍRTEINI

Frá og með 1. september nk. verður tekið á móti umsóknum um rekstrarleyfi, tækifærisleyfi, eiturefnaskírteini og sprengistjóraskírteini á lögreglustöðinni við Hverfisgötu 113-115, Reykjavík. Umsóknir um skotvopnaleyfi verða áfram afgreiddar á Dalvegi 18 í Kópavogi.

*lrh.is*

Eins og jafnan áður voru umferðarmál fundargestum hugleikin en einnig nágrannavarsla og fíkniefnaneysla svo fáein dæmi séu nefnd. Annars voru áhyggjuefni manna dálítið mismunandi eftir því hvar þeir bjuggu en einn fundarmanna sagði reyndar að á hans svæði væru bara hreinlega engin vandamál. Þessi orð féllu í Ásgarði í Kjósarhreppi og þau er erfitt að rengja þegar rýnt er í tölfræði um afbrot. Tölfræði um afbrot og þróun þeirra á viðkomandi svæðum var annars kynnt á öllum fundunum sem og niðurstöður úr könnun um reynslu íbúa höfuðborgarsvæðisins af lögreglu, öryggi og afbrotum. Í henni kemur m.a. fram að 91% svarenda telur lögregluna skila góðu starfi í sínu hverfi/svæði við að stemma stigu við afbrotum. Á fundunum var líka allnokkur umræða um breytt skipulag löggæslumála í umdæminu en nýtt fyrirkomulag var tekið upp á árinu. Því er ætlað að efla bæði almenna löggæslu og sömuleiðis rannsóknir mála en um þetta er fjallað annars staðar í ársskýrslunni.

### Lögregluvefurinn

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leggur mikla áherslu á miðlun upplýsinga og til marks um það birti embættið um 600 fréttir og/ eða tilkynningar á lögregluvefnum árið 2009. Upplýsingamiðlun af þessu tagi gagnast bæði fjölmiðlum og almenningi en hægt er að gerast áskrifandi að fréttum og tilkynningum frá lögreglu endurgjaldslaust. Á heimasíðunni ([www.lrh.is](http://www.lrh.is)) má lesa um ýmis verkefni lögreglu og eftir atvikum fylgjast með framvindu mála sem eru til rannsókna. Embættið heldur raunar úti 19 vefsíðum ef allt er talið því 18 svæði eða hverfi í umdæminu hafa sína eigin heimasíðu. Á þeim má t.d. nálgast upplýsingar um allar hraðamælingar í og við íbúðargötur á höfuðborgarsvæðinu. Eldri ársskýrslur eru sömuleiðis aðgengilegar á lögregluvefnum.

## 12. október

### SAMVINNUPÝÐUR LÖGBRJÓTUR

*Hann var óvenju samvinnupýður ökumaðurinn sem lögreglan stöðvaði í austurborginni í hádeginu í gær. Hann viðurkenndi strax að vera bæði undir áhrifum fíkniefna og hafa verið sviptur ökuleyfi. Sömmuleiðis játaði ökumaðurinn greiðlega á sig innbrot og þjófnað. Um var að ræða karl á þrítugsaldri en hann var á stolnum bíl og hafði líka stolið eldsneyti til að geta komist leiðar sinnar. Mikið væri nú lífið léttara ef allir væru svona samvinnupýðir!*

## Eitt og annað

Hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu eru ýmsar deildir og/eða svið sem sinna margvíslegum verkefnum. Það væri of langt mál að rekja það allt hér en þeir eru margir sem leita til embættisins á hverju ári og erindin eru af ýmsum toga. Oftar en ekki eru það starfsmenn þjónustuversins sem verða fyrir svörum en þeir taka bæði á móti fólki í afgreiðslunni á Hverfisgötu 113-115 í Reykjavík og svara þegar hringt er í símanúmerið 444-1000. Hringt var í þetta aðalnúmer embættisins tæplega 100 þúsund sinnum árið 2009. Að meðaltali var því hringt í lögregluna á höfuðborgarsvæðinu 400 sinnum á dag, fimm daga vikunnar. Tveir þjónustufulltrúar sinna símsvörun eingöngu en fleiri þegar álagið er mikið.

*lrh.is*



## 21. október

### NOTUM

#### ENDURSKINSMERKI

*Nú þegar svartasta skammdegið fer að skella á þykir rétt að minna á mikilvægi endurskinsmerkja fyrir gangandi vegfarendur í umferðinni. Foreldrar eru hvattir til að setja endurskinsmerki á fatnað barna sinna sem oftast en ekki eru dökkklædd á ferð. Þá er ekki síður mikilvægt að fullorðnir noti þennan sjálfsagða og einfalda öryggisbúnað sér einnig til vendar.*

*Lögreglumenn við eftirlitsstörf hafa tekið eftir því að mörg börn og ekki síður fullorðnir eru á ferðinni án endurskinsmerkja, með tilheyrandi aukinni hættu á umferðarslysum í skammdeginu.*

*Endurskinsmerki eru eins og kunnugt er afar einfalt en um leið mikilvægt öryggistæki í umferðinni, ekki síst núna þegar dimmt er að verða á morgnana og síðdegis.*

*Einnig má nefna að Íþrótt- og æskulýðsstarf barna og unglinga fer í einhverjum tilvikum fram fyrirhluta kvölds og þá er mjög mikilvægt að endurskinsmerkin séu til staðar hjá krökkunum enda komið myrkur.*

*lrh.is*

Umsóknir um leyfi er eitt af því sem fær fólk til að setja sig í samband við lögreglu enda hefur hún með slíkt að gera. Árlega er t.d. gefinn út mikill fjöldi skotvopnaleyfa og þá sýnu mest á haustmánuðum. Umsóknir um rekstrarleyfi fyrir veitinga- og/eða gististaði eru líka jafnan nokkuð margar og svo var einnig þetta árið. Sömuleiðis má nefna tækifærisleyfi en um þau er m.a. sótt þegar nemendadansleikir eru haldnir utan skólanna. Í ákveðnum tegundum leyfa berast hins vegar ekki margar umsóknir og má t.d. nefna fallhlífastökk í því sambandi.

Á árinu var starfræksla eftirlitsmyndavéla, meðferð og varsla haldlagðra muna sem og varsla og meðferð óskilamuna tekin til skoðunar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Innri endurskoðun hafði það verkefni með höndum og veitti jafnframt umsögn og ráðgjöf um fjölda verklagsreglna hjá embættinu.







## REKSTUR

Sparnaður var yfirskrift ársins þegar rekstur embættisins var annars vegar. Ráðist var í mikinn niðurskurð hjá hinu opinbera en stofnunum þess var gert að draga mjög úr kostnaði. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fór ekki varhluta af því. Seint á árinu 2008 var reyndar ljóst í hvað stefndi og þá strax voru gerðar ráðstafanir hjá embættinu. Í því fólst m.a. að breyta vaktafyrirkomulagi, sem hafði reyndar staðið til um skeið, og minnka yfirvinnu starfsmanna. Þessar aðgerðir skiluðu sér þegar rekstrarárið 2009 er gert upp. Árangurinn telst viðunandi en hann er ekki síst að þakka útsjónarsemi stjórnenda.

Samkvæmt rekstraráætlun 2009 átti að taka á uppsöfnuðum halla fyrri ára og að um 150 m. kr. yrðu afgangs. Bráðabirgðauppgjör (spá) gerir hins vegar ráð fyrir um 90 m. kr. rekstrarafgangi. Samkvæmt því er 72 m. kr. rekstrarhalli hjá embættinu. Rétt er að hafa í huga að tugmilljóna kostnaður féll á embættið vegna mótmæla í borginni, en þau stóðu vikum saman. Lætur nærri að kostnaður vegna þessa sé hátt í 50 m. kr. Einnig voru fjárheimildir skornar niður á miðju ári um 57 m. kr., eða 4% (2% á ársgrundvelli).

Í ljósi þessa má kannski segja að árangurinn sé enn betri því mjög lítið svigrúm var til að mæta niðurskurði. Að auki voru fjárheimildir frá fyrra ári skornar niður um tæplega 100 m. kr. Í stuttu máli sagt þá varð viðsnúningur frá 100 m. kr. hallarekstri 2008 yfir í 90 m. kr. rekstrarafgang árið 2009. Þetta tókst þrátt fyrir 155 m. kr. niðurskurð fjárheimilda á umræddu tímabili.


Tafla 1 - Rekstur ársins 2009 - fjárhæðir í þ.kr.

	Áætlun	Endursk. áætl.	Spá
<b>Rekstur</b>	3.107.274	3.144.596	3.191.992
<b>Fjárheimildir</b>	3.255.700	3.307.800	3.282.692
<b>Mism.</b>	148.426	163.204	90.700
<b>Eigið fé 31.12.08</b>	(147.864)	(162.642)	(162.642)
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	562	562	(71.942)
(eigið fé 31.12.09)			
<b>Frávik m.v. fjárheimildir</b>	0,0%	0,0%	-2,3%



Tafla 2 - Skipting helstu rekstrarliða eftir útgjaldaflokkum árið 2009

<b>Tekjur</b>		
	Sértekjur	42.415
		<u>42.415</u>
<b>Gjöld</b>		
<b>Laun</b>		
	Dagvinna	1.344.665
	Vaktaálag	263.800
	Aukagreiðslur	89.660
	Yfirvinna	432.258
	Launatengd gjöld	460.087
		<u>2.590.470</u>
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>		
	Ferðir og fundir	21.493
	Rekstrarvörur	98.895
	Aðkeypt þjónusta	181.293
	Húsnæði	153.723
	Bifreiðar og vélar	156.785
	Afskriftir krafna o.fl	2.399
	Eignakaup	29.349
		<u>643.937</u>
		<u>3.234.407</u>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir ríkisframlag</b>		<b>(3.191.992)</b>
	Ríkisframlag	3.282.692
		90.700
		<u>3.276.821</u>
	Gjöld umfram sértekjur	<u>3.276.821</u>
Eigið fé 1.1.2009		(162.642)
Eigið fé 31.12.2009		(71.942)



Mynd 1. Hlutfallsleg skipting rekstrarkostnaðar 2009





---

VIÐAUKAR

---

Tafla 3 - Útsend sektarboð og sektargerðir árið 2009

	<b>Sektarboð</b>	<b>Sektargerð</b>
<b>Útsend</b>	5.344	1.348
<b>Greidd</b>	4.419	518
<b>Í dómsmeðferð</b>	336	0

Tafla 4 - Fjöldi lögreglumenntaðra starfsmanna og annarra starfsmanna í lok janúar 2010 eftir skipulagseiningum

	Borgaralegir starfsmenn	Lögreglumenntaðra	Alls
<b>Ákæru- og lögfræðisvið</b>	14	2	16
<b>Fjármála- og þjónustudeild</b>	43	11	54
<b>Innri endurskoðun</b>	0	2	2
<b>Löggæslusvið</b>	15	262	277
<b>Almenn deild</b>	7	177	184
<b>Rannsóknardeild</b>	0	41	41
<b>Stoðdeildir</b>	8	18	26
<b>Umferðardeild</b>	0	26	26
<b>Skrifstofa lögreglustjóra</b>	1	0	1
<b>Starfsmannadeild</b>	3	0	3
<b>Yfirstjórn</b>	2	6	8
<b>Samtals við störf</b>	78	283	361
<b>Nemar</b>	0	0	0
<b>Veikindi</b>	1	17	18
<b>Fæðingarorlof</b>	2	6	8
<b>Alls starfsmenn</b>	81	306	387

Tafla 5 - Fjöldi starfsmanna í lok janúar 2010 eftir kyni og skipulagseiningu

	Karl	Kona	Samtals
<b>Ákæru- og lögfræðisvið</b>	9	7	16
<b>Fjármála- og þjónustudeild</b>	18	36	54
<b>Innri endurskoðun</b>	2	0	2
<b>Löggæslusvið</b>	237	40	277
<b>Almenn deild</b>	155	29	184
<b>Rannsóknardeild</b>	35	6	41
<b>Stoðdeildir</b>	21	5	26
<b>Umferðardeild</b>	26	0	26
<b>Skrifstofa lögreglustjóra</b>	0	1	1
<b>Starfsmannadeild</b>	1	2	3
<b>Yfirstjórn</b>	7	1	8
<b>Samtals við störf</b>	274	87	361
<b>Nemar</b>	0	0	0
<b>Veikindi</b>	13	5	18
<b>Fæðingarorlof</b>	0	8	8
<b>Alls starfsmenn</b>	287	100	387

Tafla 6 - Fjöldi lögreglumanna í lok janúar 2010 eftir kyni og skipulagseiningu

	Karl	Kona	Samtals
<b>Ákæru- og lögfræðisvið</b>	2	0	2
<b>Fjármála- og þjónustudeild</b>	11	0	11
<b>Innri endurskoðun</b>	2	0	2
<b>Löggæslusvið</b>	229	33	262
<b>Almenn deild</b>	151	26	177
<b>Rannsóknardeild</b>	35	6	41
<b>Stoðdeildir</b>	17	1	18
<b>Umferðardeild</b>	26	0	26
<b>Skrifstofa lögreglustjóra</b>	0	0	0
<b>Starfsmannadeild</b>	0	0	0
<b>Yfirstjórn</b>	6	0	6
<b>Samtals við störf</b>	250	33	283
<b>Nemar</b>	0	0	0
<b>Veikindi</b>	13	4	17
<b>Fæðingarorlof</b>	0	6	6
<b>Alls starfsmenn</b>	263	43	306



Tafla 7 - Fjöldi borgaralegra starfsmanna í lok janúar 2010 eftir kyni og skipulagseiningu

	Karl	Kona	Samtals
<b>Ákæru- og lögfræðisvið</b>	7	7	14
<b>Fjármála- og þjónustudeild</b>	7	36	43
<b>Innri endurskoðun</b>	0	0	0
<b>Löggæslusvið</b>	8	7	15
<b>Almenn deild</b>	4	3	7
<b>Rannsóknardeild</b>	0	0	0
<b>Stoðdeildir</b>	4	4	8
<b>Umferðardeild</b>	0	0	0
<b>Skrifstofa lögreglustjóra</b>	0	1	1
<b>Starfsmannadeild</b>	1	2	3
<b>Yfirstjórn</b>	1	1	2
<b>Samtals við störf</b>	24	54	78
<b>Nemar</b>	0	0	0
<b>Veikindi</b>	0	1	1
<b>Fæðingarorlof</b>	0	2	2
<b>Alls starfsmenn</b>	24	57	81

Tafla 8 - Lykiltölur starfsmannamála

<b>Heildarfjöldi starfsmanna í lok janúar 2010</b>	387
<b>Fjöldi ársverka 2009</b>	383,03
<b>Hlutfall kvenna af menntuðum lögreglumönnum</b>	14,1%
<b>Hlutfall kvenna af borgaralegum starfsmönnum</b>	70,4%
<b>Hlutfall tapaðra vinnustunda vegna veikinda</b>	7,06%
<b>Starfsmannavelta* - lögregla</b>	5,2%
<b>Starfsmannavelta* - borgaralegir starfsmenn</b>	13,6%
<b>Fjöldi lögreglumanna í launalausum leyfi í árslok</b>	3

\*Starfsmannavelta að meðtöldum starfsmönnum sem hættu sökum aldurs



Tafla 9 - Handtökur og vistanir árið 2009

<b>Handtökur</b>	
<b>Fjöldi handtaka</b>	4.489
<b>Fjöldi einstaklinga</b>	2.521
<b>Vistanir</b>	
<b>Fjöldi vistana</b>	2.948
<b>Fjöldi einstaklinga</b>	1.539

Tafla 10 - Handtökur eftir mánuðum árið 2009

	Fjöldi handtaka	Fjöldi einstaklinga
<b>Janúar</b>	410	253
<b>Febrúar</b>	363	186
<b>Mars</b>	394	205
<b>Apríl</b>	408	232
<b>Maí</b>	376	212
<b>Júní</b>	406	232
<b>Júlí</b>	309	172
<b>Ágúst</b>	365	209
<b>September</b>	333	176
<b>Október</b>	370	219
<b>Nóvember</b>	405	227
<b>Desember</b>	350	198
<b>Samtals</b>	4.489	2.521

Tafla 11 - Handtökur eftir vikudögum árið 2009


	Fjöldi handtaka	Fjöldi einstaklinga
<b>Mánudagur</b>	520	249
<b>Þriðjudagur</b>	553	271
<b>Miðvikudagur</b>	544	290
<b>Fimmtudagur</b>	566	316
<b>Föstudagur</b>	565	311
<b>Laugardagur</b>	871	535
<b>Sunnudagur</b>	870	549
<b>Samtals</b>	<b>4.489</b>	<b>2.521</b>

Tafla 12 - Vistanir eftir mánuðum árið 2009

	Fjöldi vistana	Fjöldi einstaklinga
<b>Janúar</b>	260	147
<b>Febrúar</b>	222	109
<b>Mars</b>	256	130
<b>Apríl</b>	261	141
<b>Maí</b>	246	122
<b>Júní</b>	263	140
<b>Júlí</b>	208	102
<b>Ágúst</b>	245	133
<b>September</b>	254	123
<b>Október</b>	238	137
<b>Nóvember</b>	272	137
<b>Desember</b>	223	118
<b>Samtals</b>	<b>2.948</b>	<b>1.539</b>

Tafla 13 - Vistanir eftir vikudögum árið 2009

	Fjöldi vistana	Fjöldi einstaklinga
<b>Mánudagur</b>	343	139
<b>Þriðjudagur</b>	395	183
<b>Miðvikudagur</b>	417	218
<b>Fimmtudagur</b>	392	215
<b>Föstudagur</b>	384	189
<b>Laugardagur</b>	503	290
<b>Sunnudagur</b>	514	305
<b>Samtals</b>	<b>2.948</b>	<b>1.539</b>



Mynd 2. Próun í fjölda handtaka og vistana 2007 - 2009



Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu - Hverfisgötu 113-115  
150 Reykjavík - Sími: 444 1000 - Fax: 444 1015 - [www.lrh.is](http://www.lrh.is)

# Lögrelustöðvar á höfuðborgarsvæðinu

**Hverfisgötu 113-115**  
**150 Reykjavík**

**Álfabakka 12**  
**109 Reykjavík**

**Dalvegi 18**  
**201 Kópavogi**

**Flatahrauni 11**  
**220 Hafnarfirði**

**Krókhálsi 5b**  
**110 Reykjavík**

**Neyðar- og aðstoðarsími lögreglu er 112**

